



GRAFÍK/GUÐMUNDUR SNÆR



Sjálfur ber ég þunga sök af því að hafa valdið langvarandi ósætti innan fjölskyldu Bryndísar.

Yfirlýsing

Sjálfur ber ég þunga sök

Við stefnum dóttur okkar ekki fyrir dóm, segir Jón Baldvin Hannibalsson í yfirlýsingu vegna umfjöllunar um meint kynferðisbrot af hans hálfu. Jón Baldvin segir frásagnir kvenna sem hafa nýverið stigið fram eiga það sameiginlegt að vera uppspuni eða skrumskæling á veruleikanum. Hann gengst við því að bréfaskeiði hans við Guðrúnu Harðardóttur þegar hún var sautján ára hafi verið ámælisverð. Hann hafi margfaldlega beðist afsökunar. ➔ 12

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tisku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook



innocent

Hörkustöff frá náttúrunni.

Í flösku.



* Þessi smáspöðvinnuinnviðskipti eru sannaðir og draga úr þreytu og magþyngi. Að rýsta þetta er hluti af heilbrigðum lífsstíl og hollu og fjölbreyttu mataræði.

ENN MEIRI
VERÐ-
LÆKKUN
Á ÚTSÖLUVÖRUM

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Veður



Viða rigning eða slydda fyrri part dags, einkum vestan til, en snýst í suðvestan 5-13 með eljum síðdegis, fyrst vestast. Hiti 0 til 5 stig sunnan- og vestanlands, en annars frost 1 til 7 stig. Yfirleitt vægt frost í kvöld.

SJÁ SÍÐU 44

Fækkaði um 1.400 hjá VLFA

KJARAMÁL „Þetta er algjört aukatriði og skiptir engu máli en það virðist hafa verið ógurlegur titringur hjá SA út af þessu,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness (VLFA), um fjölda félagsmanna sinna sem heyrir undir kjara- viðræðurnar við SA.

Ríkissáttasemjari kallaði eftir fjölda félagsmanna sem samningarnir ná til frá stéttarfélagunum. Samkvæmt upphaflegu svari VLFA voru félagsmenn alls 2.509 en samkvæmt leiðréttu svari eru þeir 1.102.

„Ég sendi tölvupóst á SA og sagði að ef þetta væri nú það sem SA hefðu mestar áhyggjur af þá væru áhyggjurnar sem við þyrftum að hafa ekki miklar.“

Vilhjálmur segir að vegna mis- skilnings hafi verið tekinn saman listi þar sem einnig var að finna félagsmenn sem heyrir undir sér- kjarasamninga. Stærstur hluti þeirra starfar í stóriðju á Grundartanga.

„Það fór vitlaus tala til Ríkissáttasemjara en ég er búinn að leiðrétta það. Við erum aldrei að spá í þetta fyrr en við þurfum að láta kjósa um verkfall eða samning. Þetta hefur aldrei verið gert á meðan viðræður eru í gangi þannig að þetta eru ný vinnubrögð hjá sáttasemjara.“

Vilhjálmur vill á móti vita hversu mörg fyrirtæki eigi aðild að SA. „Ég ætla að senda erindi og spyrja að því hvað það séu mörg fyrirtæki sem tengjast SA á mínu félagssvæði. Við höfum ekki hugmynd um það hvort fyrirtæki sem félagsmenn okkar vinna hjá tilheyra SA eða ekki. Ég kalla eftir þessum upplýsingum og að þetta verði greint niður á félagssvæði.“

– sar



Vilhjálmur Birgisson.

Spegilslétt tjörn



Ölduhæðin var ekki mikil þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið fram hjá Reykjavíkurtjörn. Tjörnin var fallega spegilslétt í þessu sæmilegasta veðri sem lék við höfuðborgarbúa í gær. Veðurstofa spáir rigningu og slyddu í borginni í dag en ágætu veðri fyrirpartinn á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stefna á að klára fyrir lok febrúar

VIÐSKIPTI Stefnt er að því að viðræður um kaup Indigo Partners á 49 prósentum í WOW air klárast í febrúar. Þetta segir Skúli Mogensen forstjóri.

Þeir fjárfestar sem tóku þátt í skuldabréfaútbóði WOW í fyrra og eignuðust þannig kauprétti að hluta- bréfum í félaginu hafa samþykkt að falla frá kaupréttunum, samkvæmt tilkynningu frá WOW air í gær.

Niðurfelling umræddra kaupréttanna, sem samið var um í 60 milljóna dala skuldabréfaútbóði flugfélagsins sem lauk í september í fyrra, er skilyrði þess að fjárfesting bandaríska félagsins Indigo Partners í WOW air gangi eftir. – þea / kij



Skúli Mogensen.

Nektarlist í Seðlabanka komið fyrir í geymslu

Eftir skoðun innan Seðlabankans varð niðurstaða stjórnenda sú að málverk sem innihalda nekt eftir Gunnlaug Blöndal skuli fjarlægð úr almennum vinnu- svæðum og skrifstofum yfirmanna. Sett í geymslu þar til annað er ákveðið.


MENNING Ákvörðun hefur verið tekin um að fjarlægja alfarið nektar- málverk eftir Gunnlaug Blöndal af veggjum Seðlabanka Íslands. Verkin hafa verið sett í geymslu um ókomna tíð eftir að gerð var athuga- send við hina ósæmilegu nekt.

Fréttablaðið fjallaði um það síð- astliðið sumar að til skoðunar væri með hvaða hætti ætti að bregðast við kvörtun starfsmanns sem var misboðið af málverkunum sem innihalda nekt. Fréttin vakti verð- skuldaða athygli og sitt sýndist hverjum. Nú liggur fyrir niðurstaða þessarar skoðunar og var hún að myndirnar skyldu fjúka.

„Ákveðið var að þessi málverk yrðu ekki á almennum vinnu- svæðum eða á skrifstofum yfir- manna, þ.e. á þeim svæðum þar sem almennir starfsmenn vinna eða þurfa að leita með erindi,“ segir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabanka Íslands, í skriflegu svari við fyrirspurn blaðsins um lyktilr málsins.

Í Seðlabanka Íslands er að finna nokkurt safn klassískra myndlistar- verka eftir meðal annars marga af meisturum íslenskrar málralistar. Á einhverjum þeirra, nánar tiltekið myndum eftir Gunnlaug Blöndal, er að finna nekt. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í júní gerði starfsmaður athugasemd við myndirnar, taldi þær ósæmilegar og fór fram á að þær yrðu fjarlægðar. Kvörtunin kom í kjölfar mikillar MeToo-umræðu í þjóðfélaginu og var hún tekin föst- um tókum af stjórnendum bankans sem settu málið í ferli til að ákveða örlög nektarverkanna.

Ljóst er að listunnendur munu



Seðlabankinn á mikið málverkasafn en nekt líkt og á meðfylgjandi mynd eftir Gunnlaug Blöndal fær ekki að prýða vegg bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þau eru um þessar mundir í geymslu og ekki hefur verið tekin ákvörðun um aðra notkun þeirra.

Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabanka Íslands



margir súpa hveljur yfir morgun- kaffinu í dag yfir svörum Stefáns Jóhanns.

„Þau eru um þessar mundir í geymslu og ekki hefur verið tekin ákvörðun um aðra notkun þeirra.“

Listamaðurinn og prófessorinn,

Guðmundur Oddur Magnússon, oft kallaður Goddur, gagnrýnir það sem hann kallar púritanastefnu Seðlabankans í þessu máli.

„Þá mætti alveg eins pakka hálfri listasögunni ofan í geymslu. Manns- líkaminn, bæði karla og kvenna, hefur lengi verið viðfangsefni listamanna,“ segir Goddur og fer á flug. Hann viti til þess að það séu stytur af berum karlmanni eftir Bertel Thorvaldsen í borginni, fullt af brjóstum í verkum Ásmundar Sveinssonar líka.

„Það þarf aldeilis að taka hér til. Við þurfum að gerast aftur alvöru púritanar og fara með hálf lista- safn þjóðarinnar og allra þjóða og læsa það í geymslum! Ég styð púritanisma. Lengi hann lifi!“ segir listspekúlantinn kaldhæðinn að lokum. mikael@frettabladid.is

Prótínríkt og gott hvenær sem er!





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR RAV4 ALHLIÐA SPORTJEPPI. ALHLIÐA HYBRID.



RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.

RAV4 Hybrid – verð frá: 5.950.000 kr.

Frá því að RAV4 sló fyrst í gegn hefur nánast allt breyst. Fimmta kynslóð þessa alhliða sportjeppa er stökkbreytt í útliti; glæsilegri með skarpari línur, völdugri á vegi og enn meiri breidd í getu, styrk, þægindum og afköstum. Nýr RAV4 er alhliða Hybrid, hljóðlátur í akstri með aukið svigrúm fyrir fólk og farangur. Ný kynslóð með enn meira öryggi og ríkulegum staðalbúnaði. Allt er breytt – nema vinsældirnar. Komdu, sjáðu og finndu muninn á nýjum RAV4 með sjö ára ábyrgð hjá næsta viðurkennda söluaðila.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14




Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 14.1.2019 - 18.1.2019

50

milljarðar er árlegur samfélagslegur kostnaður vegna lélegrar svefnheilsu.



878

milljarðar króna gætu hafa safnast í auðlinda-sjóð árið 2035 miðað við að lagður yrði sæstrengur.



67%

Íslendinga hafa áhyggjur af þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar geta haft, samkvæmt nýrri könnun Gallup.



381

kvörtun barst til umboðsmanns Alþingis á síðasta ári. Embættinu tókst að ljúka afgreiðslu 84 prósentu þeirra á árinu.



1.300

milljónir mun kosta að gera lagfæringar á Landeyjahöfn til að hún nýttist sem best fyrir nýjan Herjólf sem á að hefja siglingar milli lands og Eyja á árinu.

Þrjú í fréttum Styrkir, úttekt á RÚV og dómur

Lilja Alfreðsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra

Lilja vill auka aðsókn í kennaranám og vinnur að frumvarpi sem gengur út á að starfsnám kennara verði launað og að kennaranemar fái sérstaka styrki.



Skúli Eggert Þórðarson

ríkisendurskoðandi

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við eftirlit Fiskistofu í nýrri stjórn-sýsluúttekt. Þá bærust fréttir af fyrirhugaðri úttekt á RÚV en auk þess hefur fjárlaganefnd óskað eftir úttekt á Íslandspósti.



Sindri Þór Stefánsson

Sindri var í héraðsdómi dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir stórfelldan þjófnað úr gagnaverum í svokölluðu Bitcoin-máli.



Segir samhljóð með áherslum BSRB og Alþýðusambandsins

Formaður BSRB segir að áherslan í komandi kjaraviðræðum verði á skattamál, húsnæðismál og styttingu vinnuvikunnar. Samstaða sé með málflutningi Alþýðusambands Íslands varðandi lægstu launin. Samningar á opinbera vinnumarkaðnum losna í lok mars en frestur til að skila viðræðuáætlunum rann út í gær.

KJARAMÁL „Það er ljóst að okkar áherslur verða í skattamálum og húsnæðismálum. Svo eru ýmis sérmál okkar eins og jöfnun launa milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og áframhaldandi launaþróunartrygging. Við leggjum líka mikla áherslu á styttingu vinnuvikunnar,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, um komandi kjaraviðræður.

Alls losna 152 kjarasamningar í lok mars næstkomandi en þar eru undir flestir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt lögum þurfa aðilar að skila viðræðuáætlunum til ríkissáttasemjara tíu vikum fyrir þann tíma og rann sá frestur út í gær.

Um hádegi í gær höfðu embættinu borist 14 áætlanir en taka skal fram að heildarsamtök geta gert sameiginlega áætlun fyrir sín aðildarfélög. Í svari frá ríkissáttasemjara kemur fram að von sé á fleiri áætlunum eftir helgi en ekki liggja fyrir hversu margar þær verði.

Sonja segir að stutt sé í að kröfur aðildarfélaga BSRB verði klárar. „Þetta er farið að skýrast. Það eru búnir að vera fundir hjá aðildarfélögunum og samningseiningum BSRB þar sem við erum að ræða hverjar verða sameiginlegar kröfur gagnvart stjórnvöldum og viðseimendum.“

Félagsmenn BSRB eru um 21 þúsund talsins og losna samningar meginþorra þeirra í lok mars. „Það er okkar stefna að tryggja lægstu launin þannig að það er samstaða með aðildarfélögum ASÍ hvað það varðar. Svo eru áherslur okkar svipaðar í skatta- og húsnæðismálum,“ segir Sonja.

Varðandi samráð við stjórnvöld



Sonja Ýr, sem hér sést ávarpa þing ASÍ, segir margt sameiginlegt í áherslum BSRB og ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stytting vinnuviku eitt af stóru málunum

„Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hafa sýnt fram á jákvæðar niðurstöður, bæði hvað varðar liðan og svo sýna þær ekki annað en að afköstin séu þau sömu. Þannig að þetta er vel hægt. Þess vegna spyrjum við að því hvers vegna það sé ekki allir búnir að taka þetta upp,“ segir Sonja.

Hún segir styttinguna einnig stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. „Það er þannig í dag að einn þriðji hluti kvenna á vinnumarkaði er í hlutastarfi og meginástæðan er fjölskylduábyrgð. Við erum þannig að horfa til þess að konur geti frekar verið í fullu starfi og samt samþætt fjölskyldu- og atvinnulíf. En við sjáum líka út úr rýrnivíðtölum að körlum er gefið meira svigrúm til að taka þátt í fjölskyldulífinu.“

bendir Sonja á að von sé á tillögum átakshóps um húsnæðismál vonandi í næstu viku. „Það er auðvitað mikilvægt að taka það samtal og það er tilraunarinnar virði að fá fólk til að sameinast um tillögur. Ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýn.“

Umræðan um skattamálin sé hins vegar svolítið á eftir. „Þau eru á dagskrá í samtali við stjórnvöld næsta þriðjudag og það verður áhugavert að heyra af því. Þau mál verða samt auðvitað ekki klárðu á einum degi.“
sighvatur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

FIAT TIPO - LÍKLEGAST BESTU BÍLAKAUPIN
TÖKUM ALLA BÍLA UPP Í Á 500.000 KR.*



fiat.is



BJÓÐUM ÖRFÁA FIAT TIPO Á HREINT FRÁBÆRU VERÐI FRÁ KR. 3.090.000 KR.

Fiat Tipo er einn rúmbesti bíllinn í sínum stærðarflokki og með frábæra aksturseginnleika. 1400 bensín beinskiptur 120 hö.

5ÁRA
ÁBYRGÐ

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Audi Q2 Design Quattro / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 6.150.000 kr.

Fullt verð: 6.840.000 kr.

Afsláttur

690.000 kr.



KJARAKAUP

Byrjaðu árið á nýjum bíl!

Árið 2019 fer af stað með frábærum kjörum á nýjum bílum hjá HEKLU. **Nýttu þér QR kóðann og smelltu þér á bílinn sem þér líst best á.** Opíð í HEKLU Laugavegi í dag milli kl. 12 og 16. Hlökkum til að sjá þig!

www.hekla.is/kjarakaup

MMC Outlander PHEV Invite / 4x4 / Rafm./Bensín / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 4.490.000 kr.

200.000 kr.

Fullt verð: 4.690.000 kr.



2 ára þjónustuskoðun fylgir með!

Skoda Octavia Combi Ambition 1.6 TDI DSG / Dísil / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 3.890.000 kr.

300.000 kr.

Fullt verð: 4.190.000 kr.



MMC Eclipse Cross Intense 1.5 / 4x4 / Bensín / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 4.690.000 kr.

300.000 kr.

Fullt verð: 4.990.000 kr.



2 ára þjónustuskoðun fylgir með!

VW Passat GTE Variant 1.4 TSI / Rafmagn/Bensín / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 4.545.000 kr.

645.000 kr.

Fullt verð: 5.190.000 kr.



Dráttarbeisli fylgir með!

Skoda Kodiaq Ambition 1.4 TSI DSG / Dráttarbeisli

Afsláttur

KJARAKAUP 5.490.000 kr.

460.000 kr.

Fullt verð: 5.950.000 kr.



Dráttarbeisli fylgir með!

VW Arteon R-Line / Bensín / Sjálfskiptur

Afsláttur

KJARAKAUP 6.590.000 kr.

685.000 kr.

Fullt verð: 7.275.000 kr.



Vilja margfeldiskosningu í Högum í júní

Smærri hluthafar í Högum ætla að setja fram tillögu um margfeldiskosningu til stjórnar Haga á aðalfundi félagsins sem fer fram í júní. Í slíkri kosningu er kosið beint milli einstaklinga. Jón Ásgeir Jóhannesson fjárfestir náði ekki kjöri til stjórnar Haga á hluthafafundi í gær.

VIÐSKIPTI 365 hf. og aðrir smærri hluthafar í Högum hyggjast setja fram tillögu fyrir aðalfund félagsins um að kosningar til stjórnar fari fram með margfeldiskosningu ef fleiri eru í framboði en koma til með að skipa stjórnina. Stjórnarkjör fór fram í Högum í gær. Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og stofnandi Bónuss, var meðal framboðenda en náði ekki kjöri. Aðalfundur Haga fer fram í júní, og verður þá gengið til stjórnarkjörs á ný.

Margfeldiskosning er þegar kosið er beint milli einstaklinga, og er sú aðferð almennt talin minnka bilið milli stórra og smárra hluthafa, þannig að meiri líkur séu á að fulltrúar þeirra sem minna eiga komist að. Komið hefur fram í fjölmiðlum að 365 hafi verið meðal þeirra hluthafa sem kröfðust margfeldiskosningu.

Margfeldiskosning er lýðræðislegasta kosningakerfið sem hlutafélagalögin bjóða upp á.

Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og stofnandi Bónuss



Aðalfundur Haga fer fram í júní og verður þá gengið til stjórnarkjörs á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

9,95%

hluthafa vildu margfeldiskosningu í gær. 10% þarf til.

ingar fyrir stjórnarkjörið í gær. Kröfunni var vísað frá þar sem einungis 9,95% hluthafa hefðu sent inn gilda kröfu, en 10% þarf til að knýja fram slíka kosningu.

„Með tilkomu tilnefningarnefnda er alveg ljóst að þeir sem ekki hljóta náð fyrir þeirra augum eiga á brattann að sækja. Stofnanafjárfestar eru gjarnir á að kjósa í samræmi við tilögur nefndanna, og reynslan sýnir að þær byggja mat sitt að stærstu leyti á samráði við allra stærstu hluthafana. Ég tel því algerlega nauðsynlegt að vernda minni hluthafa, og margfeldiskosning er lýðræðislegasta kosningakerfið sem hlutafélagalögin bjóða upp á,“ segir Jón Ásgeir.

Aðspurður hvort minni hluthafar í Högum hyggist freista þess að boða til annars hluthafafundar sagði Jón Ásgeir að slíkt sé ekki á dagskrá hjá honum, að minnsta kosti. „Það er stutt í næsta fund í júní. Við biðum þangað til, enda tel ég farsælast að stjórnendur og stjórn hafi frið þangað til til þess að sinna rekstrinum. Ég óska þeim alls hins besta í sínum störfum.“ olof@frettabladid.is

Fiskistofuskýrslan staðfestir það sem stofnunin hefur sjálf ítrekað bent á

STJÓRNSÝSLA „Mér finnst þessi úttekt góð og vönduð af hálfu Ríkisendurskoðunar. Það sem maður tekur út úr þessari skýrslu er að hún staðfestir það sem Fiskistofa hefur ítrekað bent á,“ segir Eypór Björnsson fiskistofustjóri um stjórn-sýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á stofnuninni sem kynnt var í gær. Niðurstaðan er að þröngur kostur gerir Fiskistofu illmögulegt að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Eypór segir að þau atriði sem Fiskistofa hafi ítrekað bent á séu að koma þurfi til endurskoðunar á regluverkinu til þess að styrkja stofnunina í hlutverki sínu.

„Þá þarf að horfa til tækninýjunga sem getur verið skilvirk og hagkvæm leið til að styrkja eftirlit

og það þarf að athuga hvort stofnunin sé fullnægjandi mönnuð til að takast á við þessi viðfangsefni.“

Mannekla og niðurskurður skín í gegn í skýrslunni því á meðan alvar-



Eypór Björnsson, fiskistofustjóri.

legar athugasemdir eru gerðar við frammistöðu og burði stofnunarinnar til að takast á við verkefni sín og framfylgja lögum um stjórn

fiskveiða má einnig lesa um að starfsmönnum hefur fækkað um 29 prósent frá árinu 2008. Verkefnum hefur hins vegar fjölgað.

Aðspurður hvort þarna séu úrbætur sem Fiskistofa hafi tók á að fara í strax eða hvort til þurfi lagabreytingar og fjármögnun segir Eypór að vinna hafi staðið yfir í ýmsum þáttum sem þar eru tilgreindir, meira að segja meðan skýrslan var í vinnslu.

„Við erum alltaf að reyna að bæta okkur, varðandi samstarf um vigtun og hafnarvog, einnig að skoða samstarf við Landhelgisgæsluna, vinna með ráðuneytinu að reglum um vigtun. Við erum að vinna í mörgum þessum þáttum sem þarna eru nefndir.“ – smj

Theresa May ræðir við ESB-leiðtoga

BRETLAND Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, og Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, ræddust í gær við í síma um næstu skref í Brexit-málinu. Tusk greindi frá samtalinu á Twitter en sagði ekki nánar frá því hvað þeim fór í milli. May fundaði að auki með nokkrum ráðherrum í gær og ræddi við Angelu Merkel Þýskalandskanslara og Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands, í gærkvöld. Hún býst við því að eiga í frekari viðræðum við evrópska leiðtoga um helgina.

Erfið pattstaða er nú uppi í Brexit-málinu eftir að breska þingið hafnaði samningi May-stjórnarinnar við ESB á afgerandi hátt. May á að kynna næstu skref ríkisstjórnarinnar á mánudaginn en samkvæmt Rutte er erfitt að sjá fyrir sér breytingar á samningnum sem nú þegar hefur verið teiknaður upp.

„Ég sagði henni að ég sæi ekki fyrir mér hvernig ætti að breyta nokkru. Hún býst fastlega við því að



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands. NORDICPHOTOS/AFP

Bretar gangi úr Evrópusambandinu þann 29. mars,“ sagði Rutte í gær.

Sú dagsetning er settur útgöngudagur og þótt stjórnarandstaðan í Bretlandi vilji að henni sé frestað af ötta við samningslausa útgöngu

er May ekki á sömu skoðun. Hefur sagt að ríkisstjórninni beri skylda til þess að verða við þeirri kröfu sem breska þjóðin setti fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 2016. – þea

KRONAN

Folaldakiöt af nýslátruðu

-35%

2339

kr. kg

Verð áður 3599 kr. kg

Folalda Piparsteik innralæri

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

Meira úrval



20%
afsláttur



Bernaisesósur Hagkaups

Benni #1 og Benni #2 chili

429 kr/stk



Nauta ribeye

4.399 kr/kg

Verð áður 5.499 kr/kg

Tilboð gilda út 20. janúar



Cedars hummus

Gómsætur og bráðhollur

verð frá **399** kr/pk



LAZY Vegan

Tilbúið á pönnuna

599 kr/pk



Amerískar beyglur

Sesamfræ, finar, kanill & rúsínur og bláberja

549 kr/pk



TILBOÐ

Nutramino Heat & Nutra-Go

Heat og Nutra-Go par saman á tilboði

479 kr/pk

Verð áður 588 kr/pk

25%
afsláttur



Now vítamín

25% af öllum Now vítamínum

25%
afsláttur



GT'S Kombucha

Er talinn góður fyrir meltinguna, þarmaflóruna, bætir orku og líðan

524 kr/stk

Verð áður 699 kr/stk

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

ÚTSÖLULOK Á MORGUN

ALLT AÐ 72%
AFSLÁTTUR

ELKO



Þingið mun rannsaka meint afbrot forsetans

BuzzFeed News segir Trump hafa skipað lögmanni sínum að ljúga að þinginu. Tilnefndur dómsmálaráðherra sammála því að slíkt teldist hindrun á framgangi réttvísi. Bæði dómsmála- og upplýsingamálanefnd þingsins ætla að rannsaka.

BANDARÍKIN Tvær nefndir fulltrúa-deildar Bandaríkjaþings munu hefja rannsókn á því hvort Donald Trump forseti hafi skipað Michael Cohen, þá persónulegum lögfræðingi sínum, að ljúga að þinginu meðan á kosningabaráttu stóð árið 2016 um mislukkuð fasteignaviðskipti í Moskvu. BuzzFeed News greindi fyrst frá hinu meinta broti og hafði eftir tveimur heimildarmönnum innan úr löggæslukerfinu. Á þessum tíma sagði Trump sjálfur að hann hefði engin viðskiptatengsl við Rússland.

Jerrold Nadler, Demókrati og formaður dómsmálanefndar, sagði að það væri alríkisglæpur að skipa undirmanni sínum að ljúga að þinginu. „Dómsmálanefndin á að komast til botns í þessu máli og það munum við gera,“ tísti Nadler.

Adam Schiff, Demókrati og formaður upplýsingamálanefndar, sagði að nefndin myndi gera það sem nauðsynlegt er til þess að komast að hinu sanna í málinu. Bætti því við að ásökunin væri sú alvarlegasta á hendur Trump til þessa.

Eins og Schiff tók fram hefur Trump verið sakaður um ýmislegt í forsetatíð sinni þótt hann hafi ekki verið dæmdur fyrir neitt. Þannig hefur Trump verið sagður nýta embætti sitt til þess að hagnast persónulega og reyna að hindra framgang réttvísinnar svo eitthvað sé nefnt.

Fleiri Demókratar brugðust við umfjölluninni af hörku. Joaquín Castro, fulltrúadeildarþingmaður og bróðir Julians Castro, sem hefur tilkynnt um forsetaframbod, sagði að ef satt reyndist þyrfti Trump annaðhvort að segja af sér eða sæta ákæru til embættismissis. David



Bandaríkjaforseti er enn á ný sagður hafa brotið af sér. NORDICPHOTOS/AFP

Ennþá lokað

Enn eru þær stofnanir alríkisins sem ekki teljast bráðnauðsynlegar lokaðar. Deila Repúblikana og Demókrata um fjármögnun landamæraveggjar virðast engan enda ætla að taka. Lokunin er nú á 28. degi og er sú lengsta í sögu Bandaríkjanna.

Nancy Pelosi, forseti fulltrúa-deildarinnar, og Trump hafa átt í hörðum deilum vegna málsins. Fyrir vikunni lagði Pelosi til að Trump myndi fresta stefnuræðu sinni þar sem ekki væri hægt að tryggja öryggi þingsins vegna lokunarinnar. Í gær ákvað Trump svo að fresta fyrirhugaðri ferð Pelosi til Brussel og Afganistan með því að meina henni að nota eina af flugvélum hersins.

Cicilline, Demókrati í dómsmálanefndinni, sagði að ef Trump hefði skipað Cohen í raun og veru að ljúga að þinginu væri það „hindrun á framgangi réttvísinnar. Punktur.“

Einkar áhugaverð í þessu samhengi eru ummæli Williams Barr, sem Trump hefur tilnefnt í stól dómsmálaráðherra, er féllu þegar hann var yfirheyrður í öldungadeildinni á þriðjudag. Barr sagði að hver sá sem skipar vitni að ljúga teljist hindra rannsókn.

Michael Cohen var sakfelldur fyrir að hafa séð um þagnargreiðslur til kvenna sem sögðu Trump hafa sængað hjá sér. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi. Lanny Davis, lögmaður Cohens, sagðist í gær ekki ætla að tjá sig um fréttina.

Sjálfur tjáði Trump sig um málið á Twitter. Sagði Cohen ljúga til þess að losna fyrir úr fangelsi.

thorgnyr@frettabladid.is



ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA

HH
HELLY HANSEN



Wrangler

ÚTSALA 20-50% AF ÚTSÖLUVÖRUM

ICEWEAR MAGASÍN

SMÁRALIND

icewear.is



Ekki er ljóst hvort Solberg horfir hér bókstaflega til Íslands. NORDICPHOTOS/AFP

Norska stjórnin horfir til Íslands í stjórnarsáttmála

NOREGUR Ný ríkisstjórn í Noregi ætlar að koma á fristundastyrkjum fyrir börn á bilinu sex til átján ára sem hægt er að nýta til þess að niðurgreiða tómstundir barna. Að því er kemur fram í stjórnarsáttmála hinnar nýju stjórnar er þetta gert að íslenskri fyrirmynd. Stjórnin áformar að sveitarfélög geti svo aðlagð hið nýja kerfi að sínum þörfum.

Erna Solberg forsætisráðherra komst á fimmtudag að samkomu-lagi við Kristilega þjóðarflokkinn um að ganga til liðs við ríkisstjórnina. Þannig mynda Kristilegi þjóðarflokkurinn, Hægriflokkur Solberg,

Framfaraflokkurinn og Venstre nú fyrstu meirihlutastjórn norsku borgaraflokkanna frá árinu 1985.

Til þess að fá Kristilega þjóðarflokkinn að borðinu þurftu hinir flokkarnir þrír hins vegar að gefa eftir er varðar stefnu um þungunarroff. Þannig stendur nú til að banna konum að eyða einu eða fleiri fósturum, en ekki öllum, þegar kona er ólétt af margburum. Hins vegar vildu flokkarnir ekki gangast við kröfu Kristilegra um að banna þungunarroff seint á meðgöngu í þeim tilvikum sem fóstrið hefur greinst með Downs-heilkenni eða sambærilega erfðagalla. – þea

Kaup ársins

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

Við fögnum nýju ári og bjóðum freistandi kaupauka með fjölda nýrra bíla frá Nissan, Renault, Subaru og Dacia.

SUBARU XV

TILBOÐ FRÁ: **4.690.000 kr.**

eða frá **36.583 kr./mán.** (ÁHK 8,29%)*

Verð áður frá: 5.190.000 kr.

**AFSLÁTTUR ALLT
AÐ 500.000 KR.**



NISSAN MICRA

TILBOÐ FRÁ: **2.390.000 kr.**

eða frá **18.830 kr./mán.** (ÁHK 8,59%)*

Verð áður frá: 2.650.000 kr.

**AFSLÁTTUR ALLT
AÐ 300.000 KR.**



NISSAN QASHQAI

TILBOÐ FRÁ: **3.550.000 kr.**

eða frá **27.783 kr./mán.** (ÁHK 8,39%)*

Verð áður frá: 3.950.000 kr.

**AFSLÁTTUR ALLT
AÐ 500.000 KR.**



DACIA DUSTER II

TILBOÐ FRÁ: **3.340.000 kr.**

eða frá **26.163 kr./mán.** (ÁHK 8,29%)*

Verð áður frá: 3.690.000 kr.

**AFSLÁTTUR ALLT
AÐ 350.000 KR.**



RENAULT CAPTUR

TILBOÐ FRÁ: **3.300.000 kr.**

eða frá **25.854 kr./mán.** (ÁHK 8,42%)*

Verð áður frá: 3.650.000 kr.

**AFSLÁTTUR ALLT
AÐ 350.000 KR.**



ALLT AÐ

500.000 KR. AFSLÁTTUR

& ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

* Í mánaðargreiðslu við hvern auglýstan bíl er miðað við lán án lántökugjalda í 84 mánuði, 7,7% óverðtryggða breytilega vexti og 50% útborgun af kaupverði. ÁHK er árleg hlutfallstala kostnaðar. Skilyrði er gert um kaskótryggingu ökutækis. Nánari upplýsingar á www.lykill.is.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Fórnarlömb geti varið sig án þess að þurfa að óttast fangelsisvist og refsingar

„Konur í minni stöðu eiga ekki að þurfa að óttast fangelsisvist og refsingu meiði þær ofbeldismann sinn í nauðvörn,“ segir Nara Walker. Fyrir rúmu ári beit hún hluta úr tungu þáverandi eiginmanns síns sem hún segir hafa beitt sig ítrekuðu ofbeldi.

DÓMSMÁL Nara Walker var í desember síðastliðnum dæmd fyrir að hafa bitið hluta úr tungu þáverandi eiginmanns síns. Hún var dæmd í átján mánaða fangelsi í Landsrétti, fimmtán þeirra eru bundnir skil-orði.

Ekki var fallist á að viðbrögð hennar hefðu helgast af nauðvörn en Nara heldur því staðfastlega fram að hún hafi verið að verja sig grófu ofbeldi. Hún sé að auki fórnarlamb áralangs heimilisofbeldis af hálfu eiginmanns síns. Og að hún hafi haft ríka ástæðu til að ætla að hún væri í hættu stödd.

Hún hefur ákveðið að óska eftir leyfi til áfrýjunar til Hæstaréttar og segist gera sér grein fyrir því að skilyrðin fyrir áfrýjun séu ströng. Hins vegar hafi Landsréttur ekki tekið afstöðu til mikilvægra atriða. Þá sé málið fordæmisgefandi hvað varðar nauðvörn kvenna sem verði fyrir grófu ofbeldi eða sæti heimilisofbeldi.

„Ég tel dóm Landsréttar rangan og byggðan á röngum vitnisburði,“ segir Nara og segir þáverandi eiginmann sinn og vitni að atvikinu vera í ástarsambandi. Hún hefur sætt

farbanni frá atvikinu 2017 og biður þess að afplána þrjá mánuði í fangelsi.

„Það hefði verið miklu auðveldara að setta sig við niðurstöðuna. Afplána dóminn og fara. Mér finnst ég hins vegar hafa verið beitt ranglæti og konur í minni stöðu eiga ekki að þurfa að óttast fangelsisvist og refsingu meiði þær ofbeldismann sinn í nauðvörn,“ segir Nara. „Hann er tvöfalt stærri og þyngri en ég. Við stöndum ekki jafnt að vígi. Hann hélt mér niðri og áverkar mínir voru miklir. Ég taldi mig vera í lífshættu. Ég sá bara enga undankomuleið. Lögmaður minn vill að fram fari nánara mat á því hvort nauðvörn eigi við. Ég var svo hrædd,“ segir Nara. „Ég viðurkenni að ég beit hluta tungunnar af á meðan hann hélt mér nauðugri. Það gerðist hins vegar ekki í tómarúmi. Hann hafði ráðist á mig og beitt mig ofbeldi. Borið mig inn í íbúðina þar sem hann hélt mér fastri og tróð upp í mig tungunni gegn vilja mínum. Hann gekkst við því fyrir dómi að hafa beitt mig áður ofbeldi,“ segir Nara. „Ég var með mikla áverka eftir hann en lögregla fór með mig



„Ég tel dóm Landsréttar rangan og byggðan á röngum vitnisburði,“ segir Nara Walker. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

LHG.IS

Kynning á skipulagslýsingu

Nýtt deiliskipulag öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli

Utanríkisráðuneytið hefur falið Landhelgisgæslu Íslands að vinna deiliskipulag fyrir öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli. Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga er unnin lýsing fyrir deiliskipulagið.

Deiliskipulagið fjallar m.a. um afmörkun nýrra svæða fyrir hættulegan farm, svæði fyrir skammtíma gístaðstöðu, efnisvinnslusvæði, gístaðstöðu, geymslusvæði og aðra landnotkun og starfsemi, svo sem þylpall og girðingar.

Skilalýsingin verður aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is) og á vefsíðum utanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands.

Ábendingar og athugasemdir skulu berast skriflega og má skila þeim til Landhelgisgæslu Íslands, b.t. Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúa, Þjóðbraut 1, 235 Keflavíkurflugvöllur eða í tölvupósti á skipulagsfulltrui@lhg.is. Frestur til að skila athugasemdum er til 6. febrúar 2019.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

Ég vil að réttarkerfið fjalli um konur sem lenda í því að þurfa að verja sig grófu og alvarlegu ofbeldi.

Nara Walker listamaður

Í fangelsi en ekki á spítala. Ég gekk sjálf á spítalann um miðja nótt eftir að hafa verið látni laus úr haldi,“ segir hún enn fremur og segir bæði lögreglu og dómara líta fram hjá ofbeldinu sem hún varð fyrir.

Ætlar áfram með málið

„Konur af erlendum uppruna eru í sérstakri áhættu þegar kemur að heimilisofbeldi,“ segir Nara sem hefur tekið þátt í Metoo-byltingunni. „Ég ætla með málið eins langt og hægt er. Ég vil að réttarkerfið fjalli um konur sem lenda í því að þurfa að verja sig grófu og alvarlegu ofbeldi. Hvaða afleiðingar það getur haft. Eiga þær að láta berja sig og leggja líf sitt í hættu? Það er réttmæt spurning. Ég vil lagabreytingu sem tekur sérstaklega til nauðvarnar vegna heimilisofbeldis. Mér finnst ég hafa verið heppin, ég er þó á lífi. Ég gæti verið hluti af tölfræðinni, ein af þessum konum sem láta lífið af völdum heimilisofbeldis,“ segir Nara.

Í beiðni um áfrýjunarleyfi kemur fram að ekki hafi reynt á það í dómaframkvæmd héraðs hversu langt þolandi heimilisofbeldis megi ganga þegar viðkomandi er hræddur um líf sitt eða það sem koma skal. Ekki hafi reynt á það með afgerandi

Nauðvörn í almennum hegningarlögum

Samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga skal ekki refsað fyrir verknað sem unninn er í nauðvörn. Til að teljast nauðvörn þarf verknaðurinn að hafa verið nauðsynlegur til að verjast eða afstýra ólögumætri árás sem er annaðhvort byrjuð eða yfirvofandi.

Þannig hefur í dómafordæmum ekki verið fallist á nauðvörn gegn sofandi manni, enda engin árás yfirvofandi á þeim tíma sem meintri nauðvörn er beitt.

Til að nauðvörn sé tekin til greina sem málsvörn í sakamáli má verknaðurinn sem viðkomandi fremur ekki vera augljóslega hættulegri en ætla má að hin yfirvofandi árás verði. Frá þessu síðara skilyrði er þó heimilt að falla ef viðkomandi er svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem kveða á um að manni skuli ekki refsað fari hann út fyrir takmörk leyfilegrar nauðvarnar og ástæðan sé sú að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín. Í dómi Landsréttar er ekki fjallað um hugarástand Nöru.

Lögreglumaður varðist hópi

Í hæstaréttardómi 1936, bls. 401 var lögreglumaður í Neskaupstað sýknaður af því að hafa skotið mörgum skotum að hópi manna sem veist höfðu að honum og þar á meðal hæft menn. Í dóminum segir eftirfarandi um þetta: „Ákærði hefir þannig að visu farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, en með því að orsökina til þess má telja hina miklu geðshræringu og æsingu, sem hann hefur komið í vegna hinna stórfelldu og ólögumætu árasa, sem hann hafði orðið fyrir, og hótana þeirra og ókvæðisorða, sem mannfjöldinn hafði í frammi við hann, þá verður honum ekki gefið það að sök.“ – aa

hætti hvaða viðbrögð eru forsvaranleg þegar þolandi heimilisofbeldis bregst við yfirstandandi og alvarlegri árás af hendi ofbeldismanns. Í beiðninni er vitnað í fræðigrein sem birtist í ritryndu lögfræðitimariti í Bandaríkjunum, þar sem fjallað er um svokallað Battered woman syndrome. Í greininni er meðal annars fjallað um það að viðbrögð fórnarlamb heimilisofbeldis geti

verið öfgakenndari en þegar er að ræða viðbrögð þess sem verður fyrir líkamsárás af hendi ókunnugs einstaklings. Ástæðan sé sú að fórnarlamb heimilisofbeldis veit hvers ofbeldismaðurinn er megnugur. kristjana@frettabladid.is

Ekki náðist í þáverandi eiginmann Nöru vegna umfjöllunarinnar þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað.

Seltjarnarnesbær auglýsir til sölu fasteignina Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi



LÆKNINGAMINJASAFNIÐ

Byggingin er staðsett á friðuðu svæði í sannkallaðri náttúruparadís á Vestursvæðum Seltjarnarness við hlið Nesstofu, á einum fallegasta útsýnisstað höfuðborgarsvæðisins.

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í fasteignina að Safnatröð 5 en langtímaleiga kemur einnig til greina. Innsend tilboð þurfa að innihalda ítarlega greinargerð um þá starfsemi sem tilboðsgjafar hyggjast hafa í húsinu en á svæðinu gildir deiliskipulag sem markar nokkuð hvaða starfsemi má fara fram í því.

Fasteignin stendur á svæði sem skilgreint er sem samfélagsþjónustusvæði en þar eru Nesstofa, Lyfjafræðisafnið og Urtagarðurinn einnig staðsett. Í næsta nágrenni er verið að ljúka við byggingu hjúkrunarheimilis og aðeins fjær eru hafnar framkvæmdir á Bygggarðasvæðinu þar sem ný íbúðabyggð mun rísa í stað iðnaðarhúsnæðis.

Fasteignin að Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi er alls **1.363 fm** og skiptist þannig að **aðalhæðin er 937 fm** og **kjallarinn er 426 fm**. Húsið er fokhelt og er að mestu fullklárað að utan. Lóðin er komin í rétta hæð og á henni er gert ráð fyrir bílastæðum. Í húsinu er engin starfsemi.

Frekari gögn og upplýsingar má fá á skrifstofu Seltjarnarnesbæjar auk þess sem hægt er að nálgast upplýsingar um aðal- og deiliskipulag á www.seltjarnarnes.is

Tilboðum skal skilað á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2 fyrir kl. 12.00 þann 31. janúar 2019. Seltjarnarnesbær áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða að hafna öllum tilboðum.

Nánari upplýsingar veitir **María B. Óskarsdóttir**, sviðsstjóri menningar og samskipta hjá Seltjarnarnesbæ í síma 59 59 100.



SELTJARNARNESBÆR

Án dóms og laga

Yfirlýsing frá Jóni Baldvin Hannibalssyni

Að undanfögnu hefur mátt lesa í hefðbundnum fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum sögur nafngreindra kvenna um vitaverða hegðun undirritaðs gagnvart kvenþjóðinni, jafnvel hálfá öld aftur í tímann.

■ Þessar sögur eiga það meðal annars sameiginlegt að vera ýmist hreinn uppspuni eða þvilík skrumskæling á veruleikanum, að sannleikurinn er óþekktanlegur. Sannleikurinn er því nú þegar fyrsta fórnarlambið í þessu leikriti. Það bíður síns tíma að leiðrétta það, m.a. af eftirfarandi ástæðum:

■ Meginástæðan er sú, að sögubærar eru ýmist í nánnum fjölskyldutengslum við okkur Bryndísi eða nánir vinir elstu dóttur okkar. Við Bryndís erum sammála um, að fjölskylduból af þessu tagi – því að það er það – verði ekki útkljáð í réttarsal, né heldur til lykta leitt í fjölmiðlum. Við stefnum dóttur okkar ekki fyrir dóm – lái okkur hver sem vill.

■ En hver er þá okkar ábyrgð á fjölskyldubölinu, sem mér er svo tíðrætt um? Ætlum við að skella allri skuld af ógæfu fjölskyldunnar á aðra? Er þetta virkilega allt öðrum að kenna? Því fer fjarri. Sjálfur ber ég þunga sök af því að hafa

valdið langvarandi ósætti innan fjölskyldu Bryndísar. Bréfaskipti mín við Guðrúnu Harðardóttur, systurdóttur Bryndísar, þegar hún var 17 ára, voru hvort tveggja með öllu óviðeigandi og ámælisverð. Á því hef ég beðist margfaldlega afsökunar, bæði Guðrúnu sjálfa og fjölskyldu hennar, sem og opinberlega. Ég hef leitað eftir fyrirgefningu, en án árangurs. Á þessu máli ber ég einn ábyrgð – og enginn annar.

■ Seinni tíma ásakanir um áreitni við Guðrúnu á barnsaldri eru hins vegar tilhæfulegar með öllu. Það mál var rannsakad í tvígang af lögreglu og saksóknara, m.a. með yfirheyrslum og vitnaleiðslum, og vísað frá í bæði skiptin, enda varð vitnum við komið. Öll gögn, sem máli skipta, liggja fyrir og eru öllum aðgengileg, m.a. á heimasíðu minni (www.jbh.is).

■ Hvers vegna er elstu dóttur okkar svo mjög í nöp við foreldra sína, eins og raun ber vitni? Hversu margar eru þær fjölskyldur í okkar litla samfélagi, sem eiga um sárt að binda vegna geðrænna vandamála einhvers í fjölskyldunni? Hversu algengt er það ekki, að reiði og hatur, sem af hlýst, beinist fyrst og fremst að nánustu aðstandendum? Þetta er kjarni málsins. Eftir að hafa oftast en einu sinni orðið við ákalli geðlækna um nauðungarvistun elstu dóttur okkar á geð-



Jón Baldvin Hannibalsson segir tilraunir til sátta innan fjölskyldu sinnar engan árangur hafa borið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skal hann samt teljast sekur samkvæmt dómstóli fjölmiðla, þótt sýknaður hafi verið af réttum yfirvöldum að rannsókn lokinni? Þetta er sjálfur tilvistarvandi okkar brothætta réttarríkis.

deild, snerist vinarþel og ástúð dóttur til föður að lokum í hatur, sem engu eirir, eins og frásagnir hennar bera vott um. Nauðungarvistun er síðasta neyðarúrræði geðlækis. Á þessum tíma þurfti að lögum heimild náins aðstandanda til að beita þessu neyðarúrræði. Dóttir okkar treysti mér einum til þess og lét bóka það. Þeir sem halda því fram, að einhver svokallaður „valdamaður“ geti sigað lögreglu á varnarlausu einstaklinga að geðþótta, vita ekki hvað þeir eru að tala um. Sem betur fer hefur þessari kvöð nú verið létt af aðstandendum.

■ Allar tilraunir til sátta, einnig með milligöngu sálusorgara og sérfræðinga, hafa engan árangur borið. Þetta er nógu sár lífsreynsla fyrir alla, sem hlut eiga að máli, þótt ekki bætist við, að fjölmiðlar vilji velja sér upp úr ógæfu annarra með því að lepja upp einhliða og óstaðfestan óhróður, að óathuguðu máli. Það er satt að segja hreinn niðingskapur að færa sér í nyt fjölskylduharmleik eins og þann, sem við höfum mátt búa við í áratugi, til þess að ræna fólk mannorðinu, í skjóli þess að vörnum verði vart við komið. Það verður hvorki réttlætt með sannleiksást né réttlætiskennnd. Það er ekki rannsóknarblaðamennska. Það er sorp-bláðamennska.

■ Hvað er þá til ráða til að hnekkja ósönnnum og ærumeiðandi aðdróttunum í fjölmiðlum? Varðar það ekki við lög að bera ósannar sakir á aðra? Hingað til hefur það talist vera svo. Og til þess eru dómstólar í réttarríki að leiða sannleikann í ljós – útkljá málin. En eins og áður sagði, munum við Bryndís hvorki lög-sækja veika dóttur okkar né þær frændsystur Bryndísar, sem hlut eiga að máli. Fremur kjósum við

að láta þetta yfir okkur ganga; og bera harm okkar í hljóði að sinni.

■ Ég vil líka taka það fram, að ómerkilegan pólitískan skæting, hvort heldur hann er framreiddur af formanni Sambands sjálfstæðiskvænna eða af fyrrverandi formanni Samfylkingarinnar, virðum við ekki svars. Það hefur ekki þótt vera neinum til vegs-auka með okkar þjóð hingað til að sparka í liggjandi fólk. Og að því er varðar mína pólitísku arfleifð uni ég því vel að vera að lokum dæmdur af verkum mínum.

■ Fyrst í stað fannst mér, að ég gæti með engu móti setið þegjandi undir öllum þessum ásökunum, ásamt persónunni, sem flæðir yfir alla bakka á svokölluðum samfélagsmiðlum. Við nánari íhugun er niðurstaðan samt sú, að í þessu eittraða andrúmslofti, þar sem ósannar fullyrðingar og nið hafa fengið að grassera athugasemdalást dögum saman, sé það til lítills annars en að skemmta skrattanum. Ekki vegna þess að þögn sé sama og samþykki; heldur vegna hins, að málflutningur sem byggir á staðreyndum, mun engin áhrif hafa á óvildarmenn mína. Við treystum því hins vegar, að það fólk, sem þekkir okkur Bryndísi persónulega af eigin reynslu, sjái í gegnum moldviðrið.

■ Að öllu þessu virtu, er það niðurstaða okkar Bryndísar, að sálariheil okkar umsetnu fjölskyldu eigi að hafa forgang, umfram réttarhöld í kastljósi fjölmiðla, að svo stöddu. Heildstæð greinargerð, þar sem öllum framkomnum sakargiftum verði gerð verðug skil, verður því að biða betri tíma.

Því er ekki að neita, að mál af þessu tagi vekja upp ýmsar áleitnar spurningar, sem eru ekki á sviði einkamála, heldur varða almannaheill. Getum við ekki lengur treyst því, að hver maður teljist saklaus, uns hann hefur verið sekur fundinn fyrir dómi? Skal hann samt teljast sekur samkvæmt dómstóli fjölmiðla, þótt sýknaður hafi verið af réttum yfirvöldum að rannsókn lokinni? Þetta er sjálfur tilvistarvandi okkar brothætta réttarríkis. Á því berum við öll ábyrgð.



Álagning vatns- og fráveitugjalda 2019

Álagning vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2019 liggur nú fyrir. Viðskiptavinir geta skoðað álagningarseðla á [Mínum síðum á veitur.is](#).

Til að komast inn á Mínar síður getur þú notað rafræn skilríki, Íslykil eða fengið sent lykilorð í rafræn skjöl í heimabankanum þínum.

Í samræmi við stefnu okkar um pappírslaus viðskipti fá einungis viðskiptavinir 70 ára og eldri heimsenda álagningar- og greiðsluseðla. Aðrir fara sjálfkrafa í netgreiðslur hafi þeir ekki óskað eftir pappír. Hægt er að breyta greiðslumáta á [veitur.is](#) eða í þjónustuveri okkar í síma 516 6000.

Veitur sjá um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á [veitur.is](#)



VEITUR

Hyundai lækkar verð

Verðlækkun + vetrarpakki

Hyundai i10 Comfort

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn

Lækkað verð: 2.090.000 kr.

Verð áður: 2.190.000 kr.



VERÐLÆKKUN 100.000 kr.
VETRARPAKKI 150.000 kr.

Hyundai i20 Classic

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn

Lækkað verð: 2.290.000 kr.

Verð áður: 2.390.000 kr.



VERÐLÆKKUN 100.000 kr.
VETRARPAKKI 200.000 kr.

Hyundai Santa Fe Comfort

Dísil, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn

Lækkað verð: 7.790.000 kr.

Verð áður: 7.990.000 kr.



VERÐLÆKKUN 200.000 kr.
VETRARPAKKI 550.000 kr.

Hyundai Tucson Comfort

Dísil, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn

Lækkað verð: 5.690.000 kr.

Verð áður: 5.990.000 kr.



VERÐLÆKKUN 300.000 kr.
VETRARPAKKI 450.000 kr.

Hyundai KONA Comfort

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn

Lækkað verð: 3.890.000 kr.

Verð áður: 3.990.000 kr.



VERÐLÆKKUN 100.000 kr.
VETRARPAKKI 350.000 kr.

Glæsilegur vetrarpakki fylgir í janúar!

Við lækkum verð á flestum gerðum Hyundai um 100.000-300.000 kr. og að auki bjóðum við þeim sem festa kaup á nýjum Hyundai í janúar veglegan vetrarpakka að verðmæti allt að 550.000 kr. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu nýjum Hyundai, með 5 ára ábyrgð á frábæru verði.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

BÍLA KARNIVAL

BRIMBORG BÝÐUR Á KARNIVALI!

Flottar frumsýningar, geggjuð tilboð og dúndrandi fjör!
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.

Þetta er viðburður sem þú vilt ekki missa af!

Komdu á karnival í Brimborg – við eigum rétta bílinn fyrir þig!

FORD ECOSPORT TITANIUM S

VERÐ M. MÁLMLIT: 3.910.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 3.470.000 KR.

MAZDA CX-3 VISION

VERÐ M. MÁLMLIT: 3.520.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 3.120.000 KR.

AFSLÁTTUR
-400.000 kr.
+ VETRARDEKK

AFSLÁTTUR
-440.000 kr.
+ VETRARDEKK



KANDÍFLOSS & POPP

KOMDU Á KARNIVAL!

OPIÐ LAUGARDAG 12-16, REYKJAVÍK OG AKUREYRI

GEGGJUD
TILBOÐ!

AFSLÁTTUR FRÁ
400-465.000 KR
+ VETRARDEKK!

Á völdum bílum

GLÆSILEGIR
NÝIR BÍLAR

★ KOMDU Í STUDID! ★

PEUGEOT 2008 ALLURE

VERÐ M. BAKKMYNDAVÉL OG MÁLMLIT: 3.600.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 3.200.000 KR.

AFSLÁTTUR
-400.000 kr.
+ VETRARDEKK



FORD KUGA TITANIUM AWD

VERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI: 6.015.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 5.550.000 KR.

AFSLÁTTUR
-465.000 kr.
+ VETRARDEKK



CITROËN C3 AIRCROSS SHINE

VERÐ M. AUKABÚNAÐI: 4.120.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 3.720.000 KR.

AFSLÁTTUR
-400.000 kr.
+ VETRARDEKK



Lýst eftir leiðtoga



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Vandræðagangur bresku ríkisstjórnarinnar í Brexit-málinu virðist engan enda ætla að taka. Þingið felldi í vikunni Brexit-samkomulag May forsætisráðherra, en um var að ræða stærsta ósigur sitjandi ríkisstjórnar frá árinu 1924. Jeremy Corbyn, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, boðaði í kjölfarið vantrauststillögu sem einnig var felld.

Staðan er því í meira lagi óljós. Þrátt fyrir þungan skell May í Brexit-kosningunni nýtur hún stuðnings meirihluta þingsins. Hvert skal haldið þá?

Einungis örfáar vikur eru þar til frestur Breta til útgöngu rennur út nú í lok mars. Sennilegast hlýtur þó að vera að Evrópusambandið framlengi frestinn og gefi þannig Bretum færi á að ná bæri-legri lendingu. Að minnsta kosti virðist riflegur meirihluti fyrir því í breska þinginu, og meðal ráðamanna í Evrópu, að útgöngu án samnings beri að forðast með öllum tiltækum ráðum.

Vandi Breta krystallast í þeirri staðreynd að þrátt fyrir útreið samningsins í þinginu varði þingheimur May vantrausti. Er nema von að slík óvissa ríki þegar sjálft þingið veit ekki í hvorn fótinn það á að stiga.

Enginn leiðtogi sem leitt gæti þjóðina út úr þessum ógöngum virðist í sjónmáli í Bretlandi. Þeir sem fóru fremstir í baráttunni fyrir útgöngu eru rúnir trausti, og ekki að sjá að neinn sé þar augljóslega fremstur meðal jafningja. Michael Gove virðist orðinn dyggur stuðningsmaður May, og Boris Johnson hefur sagt af sér sem utanríkisráðherra, auk þess að hafa komið sér í margvíslegt klandur með orðum sínum og gjörðum. Jacob Rees-Mogg líkist frekar karakter úr bók eftir Charles Dickens en leiðtoga stjórnarmálflokks á 21. öldinni.

Þá komum við að Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, sem er sósíalistaforingi af gamla skólanum. Honum hefur ekki tekist að nýta sér vandræðagang May sem skyldi og heykst vikum saman við að bera fram vantrauststillögu. Loksins þegar hún kom fram var hún felld örugglega.

Nú gera kunnugir því skóna að síðasta hálmstrá Corbyns til að snúa stöðunni sér í hag sé að breyta um kúrs og leggja beinlínis til að ný þjóðar- atkvæðagreiðsla verði haldin um útgöngu Breta. Líklegt er að Corbyn þyrfti að halda fyrir vit sér ef svo færi enda er hann enginn stuðningsmaður Evrópusambandsins.

Ljóst er þó að eitthvað þarf til að höggva á hnúttinn. Kannanir sýna að andstaða eykst í Bretlandi við útgöngu, en þær benda nú til að 16% fleiri vilji vera áfram í Evrópusambandinu. Því skal líka haldið til haga að nú, rúmum tveimur árum eftir að þjóðar- atkvæðagreiðslan fór fram, liggur betur fyrir hvað felst í útgöngu. Kjósendur fengu því tækifæri til að gera upp hug sinn á grundvelli staðreynda, en ekki stóryrða eins og sumarið 2016.

Lýst er eftir leiðtoga.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Þriggja metra skítaskán

Vinkona mín hér í London vandi dóttur sína af bleiu ekki alls fyrir löngu. Nýverið eignaðist vinkonan son. Breytt heimsmýnd fór fyrir brjóstið á þeirri stuttu. Hún var ekki lengur þungamiðja veraldarinnar heldur hafði móðir hennar nú öðrum hnöppum að hneppa – aðra rassa að skeina.

Vinkona mín sat í sófanum og gaf syni sínum brjóst þegar dóttirin bar upp kröfu: „Mamma, komdu að leika við mig.“

„Ekki strax. Litli bróðir er að borða.“ Málamiðlun var óásætlanleg. Sú stutta dró sig í keng, varð eldrauð í framan og með krepptu hnefa kúkaði hún í buxurnar.

Margra vikna herferð var hafin. Í hvert sinn sem móðirin brást ekki við óskum stúlkunnar strax gerði sú yngri í brækurnar.

Eitt sinn voru móðir og börn stöð úti á róló. Stelpan klífraði upp þriggja metra langa rennibraut á meðan mamman sat á bekk og gaf bróður hennar brjóst.

„Mamma, komdu að renna með mér,“ hrópaði stelpan þar sem hún stóð efst í rennibrautinni.

„Ekki strax.“

Það þurfti ekki að spyrja að því. Sú stutta dró sig í keng. Mamman vissi samstundis hvaða skilaboð biðu hennar í brókum dótturinnar. En dóttirin hafði fleira til málanna að leggja. Hún settist niður. Því næst þaut hún niður rennibrautina á rassinum. Eftir endilangri brautinni lá þriggja metra löng skán.

Móðirin rauk upp. Skömmustuleg skreið hún eftir rennibrautinni og þurrkaði burt ummerki óánægju dóttur sinnar með blautþurrkum á meðan róló-gestir horfðu á.

Dóttir vinkonu minnar er ekki sú eina hér í Bretlandi sem situr í skítum.

Corbyn með matvinnsluvél

Brexit-raunir Breta náðu hámarki í vikunni. Útgöngusamningur Theresu May var kolfelldur í breska þinginu. Bretar eru í djúpum skít.

Útganga Breta úr Evrópusambandinu er einn sjálfhverfasti gjörningur síðan Narkissos sá spegilmynd sína

í vatnsfleti og varð svo ástfanginn að hann sat og glápti á sjálfan sig uns hann veslaðist upp og dó. Þetta hófst allt á því að veikgeðja leiðtogar Breska íhaldsflokksins lofuðu þjóðar- atkvæðagreiðslu til að verja eigið fylgi gegn upp- gangi and-Evrópu- flokksins UKIP. Og enn snýst Brexit um Íhaldsflokkinn. Furðufugla-armur flokksins heimtar „hart Brexit“ og leiðir heila þjóð, blindur eftir áratuga langt hugmyndafræðilegt runk, fram af klettabrún sem hann lofar að endi í háttvísun Downton Abbey þætti.

Ekki er stjórnarandstaðan minna upptekin af eigin spegilmynd. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, heldur að hann sé staddur í sögunni um Salómon konung sem tekur á móti tveimur konum er báðar segjast vera móðir sama barns. Þegar konungur, til að kanna móðurast kvennanna, leggur til að hann höggvi barnið í tvennt réttir Corbyn kóngi matvinnsluvél: „Gerðu það sem þú vilt við þetta barn svo lengi sem boðað verður til kosninga.“ Evrópusinnar allra flokka sparka loks vígreifir í spilaborgina hrópandi „rasistar, rasistar“, á barmi þess að tryggja að niðurstaða þjóðar- atkvæðagreiðslunnar verði hunsuð. Í leiðinni renna þeir stöðum undir þá kenningu að allt það fólk sem sagðist hafa kosið Brexit vegna þess að því fannst það utangátta í samfélagi sem stýrt er af alls ráðandi elítu, sama hvernig kosningar fara, var kannski ekki haldið ofsóknaræði eftir allt saman.

Veröld sem aldrei var

Dóttir vinkonu minnar kúkaði í buxurnar í baráttu fyrir fortíð sem aldrei var og framtíð sem aldrei yrði; veröld þar sem sólin og móðir hennar snerust kringum hana eina. Það skipti ekki máli þótt allir sætu í skítum – hún sjálf, móðir hennar, hinir krakkarnir á rólónum. Óþægindin voru ásætlanleg fórn fyrir ástina á eigin spegilmynd.

Stjórnmalamenn Bretlands eru eins og smábarn sem kúkar á sig. Þeir munu sitja með okkur hinum í skítum. En þeir eru of uppteknir við að dást að eigin spegilmynd til að taka eftir því.

Sú stutta er komin aftur í bleiu. Ef aðeins væri hægt að setja stjórnmalamenn í bleiu.



Er nema von að slík óvissa ríki þegar sjálft þingið veit ekki í hvorn fótinn það á að stiga?



Fedasz Dental Hungary
Your Specialist in Dental Tourism

Save 50-70% on Dental Treatment
in Hungary

Special winter offers!*

*for more informations, don't
hesitate to contact us:

☎ 0036 70 942 9573

info@fedaszdental.hu





Horfðu á
heildarmyndina

Allt í einum pakka á lægra verði

Heima + 📶 Skemmtipakkinn fyrir 16.990 kr. á mánuði.*

🌐
Ótakmarkað
Internet

📶
Netbeinir og WiFi
framlenging

▶
Myndlykill

☎
Ótakmarkaður
heimasími

+

📺
Skemmtipakkinn

Kláraðu málið á vodafone.is, í síma 1414 eða komdu við í næstu verslun.

 **vodafone**

Hluti af sýn 

*Aðgangsgjald og dreifigjald er ekki innifalið í verði.

Dansa við þá stóru á stærsta sviðinu

Líkt og á EM 2002 og HM 2011 mætir Ísland Þýskalandi og Frakklandi í milliriðli á HM 2019. Aðeins tæpur sólarhringur er á milli leikjanna gegn þessum risaliðum. Ungt íslenskt lið hefur eflst við hverja raun á HM undir styrkri stjórn Guðmundar Guðmundssonar.

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar keppni í milliriðlum á HM 2019 hefst um helgina. Ísland er í milliriðli 1 sem er leikinn í Lanxess Arena í Köln, þar sem úrslitahelgin í Meistaradeild Evrópu hefur farið fram undanfarin ár. Sviðið er stórt og andstæðingarnir ógnarsterkir.

Klukkan 19.30 í kvöld mætir Ísland Þýskalandi og á sama tíma á morgun mæta Strákarnir okkar heimsmeisturum Frakka. Fram undan eru því leikir gegn tveimur af sterkustu liðum heims á innan við sólarhring.

Áskorunin er stór og mikil fyrir hið unga íslenska lið en það hefur engu að tapa. Pressan er öll á þjóðverjum og Frökkum sem ætla sér að leika um verðlaun á HM.

Aðalmarkmið Íslands, að komast í milliriðil, náðist með sigrinum fráþæra á Makedóníu á fimmtudaginn. Ísland endar því aldrei neðar en í 12. sæti á HM. Draumurinn er væntanlega að leika um 7. sætið og freista þess að komast í umspil um sæti á Ólympíuleikunum 2020. Það verður

þó þrautin þyngri þar sem Ísland tók ekki með sér stig inn í milliriðil.

Þriðji og síðasti leikur Íslendinga í milliriðlinum er gegn Brasilíumönnum á miðvikudaginn. Góður möguleiki er á sigri í þeim leik, jafnvel þótt Brassar hafi leikið mjög vel í riðlakeppninni þar sem þeir unnu meðal annars Rússa og Serba.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland mætir Brasilíu í milliriðli á stórmóti. Íslendingar hafa hins vegar tvisvar áður mætt þjóðverjum og Frökkum í milliriðli á sama stórmóti.



Síðast þegar leikið var í milliriðlum á HM, í Svíþjóð 2011, mætti Ísland einnig Þýskalandi og Frakklandi í milliriðli. Þá, líkt og nú, var Guðmundur Guðmundsson þjálfari íslenska liðsins. Aðeins tveir íslenska hópnur á HM 2019 voru í liðinu fyrir átta árum: Björgvin Páll Gústavsson og Aron Pálmarsson.

Íslendingar unnu alla fimm leiki sína í riðlakeppninni á HM

Guðmundur Guðmundsson er á sínu tíunda stórmóti sem þjálfari Íslands. NORDIC- PHOTOS/GETTY

» Frakkland og Þýskaland hafa samtals unnið níu heimsmeistaratitla; Frakkar sex og Þjóðverjar þrjá.

2011 og tóku með sér fjögur stig í milliriðil. Þar gekk ekki jafn vel. Ísland tapaði öllum þremur leikjum sínum, gegn Þýskalandi, Spáni og Frakklandi, og endaði á því að spila um 5. sætið. Þar töpuðu Íslendingar fyrir Króötum. Sjötta sætið varð því niðurstaðan sem er næstbesti árangur Íslands á HM.

Á fyrsta stórmóti Guðmundar með íslenska landsliðið, EM 2002, mætti það einnig Frökkum og Þjóðverjum í milliriðli. Ísland vann tvo af þremur leikjum sínum í riðlakeppninni og gerði eitt jafntefli og tók með sér þrjú stig inn í milliriðil.

Þar byrjuðu Íslendingar á því að gera jafntefli við Frakka í hörkuleik,

26-26. Ísland vann svo öruggan sigur á Júgóslavíu, 34-26, og tryggði sér toppsætið í milliriðlinum og sæti í undanúrslitum með fráþærum sigri á Þýskalandi, 29-24. Íslendingar töpuðu tveimur síðustu leikjum sínum á EM og enduðu í 4. sæti sem var þá besti árangur Íslands á Evrópamóti.

Síðan eru liðin mörg ár og enginn leikmaður er eftir í íslenska hópnunum síðan á EM 2002. Þegar Ólafur Stefánsson, Patrekur Jóhannesson, Dagur Sigurðsson og allar þær hetjur spiluðu við bestu lið Evrópu í ársbyrjun 2002 voru margir af þeim sem skipa íslenska HM-hópinn í dag á leikskólaaldri.

Núna eru þessir strákar hins vegar komnir á stórmót og hafa vaxið með hverjum leiknum á HM undir styrkri stjórn Guðmundar. Strákarnir stóðust stóra prófið gegn Makedóníu og voru verðlaunaðir með þremur leikjum á stærsta sviðinu. Upplifunin verður mikil, innistæðan í reynslubankanum hækkar og ekki væri verra að koma á óvart og gera hákórlum handboltans skráveifu. ingvithor@frettabladid.is



Kópavogsbær innleiðir Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun



Kópavogsbær hefur hafið innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og verða þau innleidd hjá öllum stofnunum bæjarins.

Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðarinnar og hagsældar.

Nánari upplýsingar á www.kopavogur.is/heimsmarkmidin



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Vítabaninn Björgvin vaknaður

Enginn markvörður hefur varið fleiri víti en Björgvin Páll Gústavsson eftir riðlakeppnina á HM í handbolta. Vafasöm vítaköst Barein virtust kveikja á Björgvini sem hefur ekki litið um öxl eftir það.

HANDBOLTI Eftir slaka frammistöðu í fyrsta leik Íslands á HM í handbolta gegn Króatíu hefur Björgvin Páll Gústavsson hrokkið í gang og átti reynslumesti leikmaður Íslands stóran þátt í því að ungt lið Íslands komst í milliriðlana sem hefjast í dag. Hinn 33 ára gamli Björgvin Páll er síðasti meðlimur silfurhópsins frá Peking sem er enn í liðinu og langreynslumesti leikmaður liðsins með 217 landsleiki, 83 leikjum meira en næsti maður sem er Aron Pálmars-son. Björgvin hefur átt það til í gegnum tíðina að stíga upp á stórmótum í handbolta og er það vonandi fyrir íslenska liðið að Björgvin haldi áfram á sömu braut í næstu leikjum.

Þegar rýnt er í tölfræðina kemur í ljós að hann er sá markvörður sem varði flest vítaköst í riðlakeppninni sem lauk á fimmtudaginn. Alls varði hann sjö af þeim sautján vítaköstum sem mótherjar Íslands hafa fengið í keppninni. Í fyrstu tveimur leikjum Íslands í keppninni gegn Króötum og Spánverjum varði Björgvin Páll aðeins eitt víti af fimm og náði sér ekki á strik í leikjunum en lærisveinum Arons Kristjánssonar tókst að skjóta Björgvin Pál í stuð. Mohamed Habib var réttilega vísað upp í stúku á fyrstu mínútum leiksins þegar hann skaut beint í höfuðið á Björgvini og áttu Bareinar eftir að skjóta tvisvar til viðbótar í höfuðhæð hjá Björgvini án þess að þeim væri refsað.



Varið	Skot	Varið	Skot
2	2	1	3
0	1	2	3
1	4	1	4

Hlutfall markvörslu Björgvins á HM

Fyrstu tveir leikirnir:

14/51
27,4%

Næstu þrjú leikir:

37/95
38,9%

Það eflði Björgvin sem átti besta leik sinn til þessa á mótinu gegn Barein og fylgdi því eftir með góðum leikjum gegn Japan og Makedóníu þar sem hann hefur haldið áfram 50% markvörslu úr vítaköstum

andstæðinganna. Hann er því samtals með sjö varin víti af sautján eða 41% markvörslu eftir riðlakeppnina. Enginn markvörður á HM hefur varið fleiri víti til þessa og aðeins þrjú markverðir, Nikola Marinovic

frá Austurríki, Niklas Landin frá Danmörku og Leonel Carlos Maciel frá Argentínu eru með betra hlutfall þegar kemur að því að verja vítaköst eftir riðlakeppnina.

kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Domino's-deild karla



Breiðablik - ÍR

68-99

Stigahæstir: Breiðablik: Jameel Mc Kay 15, Kofi Omar Josephs 14, Erlendur Ágúst Stefánsson 10, Snorri Vignisson 9, Bjarni Geir Gunnarsson 7.

ÍR: Gerald Robinson 36, Kevin Capers 29, Sæþór Elmar Kristjánsson 13, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8, Sigurkarl Róbert Jóhannesson.

Keflavík - Grindavík 88-77

Efri	Neðri
Njarðvík 26	Grindavík 14
Tindastóll 22	ÍR 12
Stjarnan 20	Haukar 10
KR 18	Valur 8
Keflavík 18	Skallagrímur 4
Þór Þ. 14	Breiðablik 2

Olís-deild kvenna



Selfoss - Valur 27-28

Selfoss: Sarah Sörensen 6, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 5, Perla Ruth Albertsdóttir 4, Hulda Dis Prastardóttir 4, Tinna Sigurrós Traustadóttir 3, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 3, Carmen Palamariu 1, Rákel Guðjónsdóttir 1. Varin skot: Katrín Ó. Magnúsdóttir 9.

Valur: Lovisa Thompson 6, Íris Ásta Pétursdóttir 6, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 4, Diana Dögg Magnúsdóttir 4, Hildur Björnsdóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Morgan Marie Þorkelsdóttir, Sandra Erlingsdóttir 1. Varin skot: Íris B. Símonardóttir 11.

Efri	Neðri
Valur 19	KA/Þór 11
Fram 17	Stjarnan 9
ÍBV 15	HK 7
Haukar 14	Selfoss 4



Kópavogsbær

kopavogur.is



ÖLL SMÁVARA*
20-60%
 AFSLÁTTUR * gildir ekki af littalavörum

Vinsælu útsöluborðin „ALLT Á 1.000, 2.000 & 3.000 KRÓNUR“ á sínum stað



JOHN
 Hægindastóll.
 Ljós- eða
 dökkgrátt slit-
 sterkt áklæði.

35%
 AFSLÁTTUR

19.494 kr.
~~29.990 kr.~~

KENYA

Hægindastóll.
 Holly grænt eða
 brúnt sléttflauel.

20%
 AFSLÁTTUR

39.992 kr.
~~49.990 kr.~~



MAX

U-sófi. Rocco grátt slitsterkt áklæði.
 Hægri eða vinstri tunga.
 Stærð: 286 x 200 x 87 cm

127.992 kr. ~~159.990 kr.~~

20%
 AFSLÁTTUR



FRIDAY

Tungusófi með hnakkapúða. Tunga getur verið
 beggja vegna. Ljósgrátt áklæði.
 Stærð: 236 x 175 x 88 cm

156.735 kr. ~~208.980 kr.~~

25%
 AFSLÁTTUR



20%
 AFSLÁTTUR

KAMMA

3ja sæta sófi með háu baki. Dökkgrátt
 slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 91 x 105 cm

111.992 kr.
~~139.990 kr.~~



25%
 AFSLÁTTUR

ONTARIO

2,5 sæta sófi. Koparlitað, dökkblátt eða
 dökkgrænt sléttflauel. Stærð: 201 x 91 x 105 cm

97.493 kr.
~~129.990 kr.~~

PASO DOBLE

U-sófi frá Furninova.
 Hægri eða vinstri tunga.
 Corrie Night grásprengt áklæði.
 Stærð: 375 x 156/258 x 80 cm

40%
 AFSLÁTTUR

299.994 kr. ~~499.990 kr.~~



furninova

Reykjavík 10 – 18 virka daga
 Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
 13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
 Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
 Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
 558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með
 fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.
 Gildir til 10. febrúar eða á meðan birgðir endast.

RISA ÚTSALA



Allt að

60% afsláttur



ELLY
2ja sæta sófi. Dökkgrár.
Stærð: 145 x 82 x 85 cm
55.992 kr. -69.990 kr.

ELLY
Priggja sæta sófi. Dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm
71.992 kr. -89.990 kr.

ELLY
Hægindastóll.
Dökkgrár.
43.992 kr. -54.990 kr.

20%
AFSLÁTTUR



MAY-FLOWER
Borðstofustóll.
Svört eik.

70%
AFSLÁTTUR

5.997 kr. -19.990 kr.

ACURA
Borðstofu-
stóll.
Dökkgrátt
áklæði
og svartir
stálfætur.



60%
AFSLÁTTUR

14.396 kr. -35.990 kr.

ALEXA
Vandaður
borðstofustóll.
Svart eða hvítt
ekta leður.
Fætur úr
burstuðu stáli.



20%
AFSLÁTTUR

23.992 kr. -29.990 kr.

ANDREW
Borðstofustóll.
Brúnt, hvítt
eða svart
bonded
leður.



25%
AFSLÁTTUR

12.743 kr. -16.990 kr.

BRISTOL
Hægindastóll.
Grátt eða blátt
sléttflauel og
svart leður.



25%
AFSLÁTTUR

Sléttflauel
52.493 kr. -69.990 kr.

Svart leður
82.493 kr. -109.990 kr.



30%
AFSLÁTTUR

PARKER
Grátt eða brúnt áklæði. Einnig fán-
legur í leðri. Stærð: 84 x 95 x 103 cm.
69.993 kr. -99.900 kr.



50%
AFSLÁTTUR

MISTRAL
Sjónvarpsskápur. Hvítur með svörtum hurðum.
Stærð: 161,5 x 45 x 42 (+ fætur) cm.

71.980 kr.
-143.960 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

Litur ársins er kóralbleikur

Á hverju ári gefur litaráðgjafar-fyrirtækið PANTONE út lit ársins. Í ár er það kóralbleikur litur 16-1546 Living Coral. Fallegur en náttúrulegur og hlýr litur.



Fáðu þér stæðilega plöntu í stofuna

Stórar og sterkar fikusplöntur eru sífellt vinsælli kostur á íslenskum heimilum. Enda fallegar og bæta loftgæði til muna. Þær eru til í mörgum tegundum og ein sú eftirsóttasta er Ficus elastica eða gúmmitré. Sigrænt tré sem getur orðið ansi hávaxið. Bláðstilkurinn er ávalur og blöðin innrúlluð þegar þau eru ung og umlukt rauðleitu hlífðarblaði. Stórar gúmmiplöntur eru ekki oft til í íslenskum blómaverslunum en eru væntanlegar í blómabúðina Fjórar árstíðir.



Súr saga í heimalestri

Sláðu tvær flugur í einu höggi. Sjúklega súr saga: Íslandssaga frá öndvegissúlum til Internetsins er skemmtileg aflestrar fyrir skólakrakka sem þurfa að lesa upphátt heima fyrir foreldrana. Fjölskyldan getur rifjað upp sögukunnáttuna í leiðinni.



Marie Kondo hefur slegið í gegn með einföldum ráðum til fólks um tiltekt. MYND/NORDICPHOTOS

Af hverju eru allir að laga til?

Hvað er málið með Marie Kondo? Er í alvör- unni lífsbætandi list að laga til? Sóley Dröfn Davíðsdóttir segir fólk ekki alltaf hafa tók á því að hafa stöðugt hreint í kringum sig.

Listin að grisja og endurskipuleggja með japönsku KonMari-aðferðinni er sögð vera lykkill að nýju og betra lífi í sjónvarpsþáttum sem hafa slegið í gegn á Netflix, Tidying up with Marie Kondo. Í þáttunum aðstoðar Marie Kondo fólk við að koma reiðu á heimili sitt með athyglisverðum aðferðum.

Marie Kondo hefur skrifað fjórar bækur um skipulagningu og tiltekt sem hafa selst í milljónatali víða um heim. Vinsælust bóka hennar er: The Life-Changing Magic of Tidying Up: The Japanese Art of Decluttering and Organizing (2011). Bókin kom út í íslensku þýðingu á síðasta ári og kallast á íslensku; Taktu til í lífi þínu.

Marie segist hafa haft áhuga á því að hafa reiðu á hlutunum

í kringum sig frá barnæsku. Hún segist hafa fengið vitrun á unga aldri um að hún ætti að einblína á að finna þá hluti sem hún vildi nærri sér. Að greina þá hluti sem veita henni ánægju og hafa þá í heiðri á heimilinu.

Kon-Marie aðferðin

Marie segir aðferð sína við tiltekt, KonMari, innblásna af sjúntótrúnni. Hugmyndafræðin að baki henni er í raun einföld. Þegar heimilið er orðið snyrtilegt, hlutirnir færri og skipulagið betra þá segir hún að það rofi til í huganum. Sjálfstraustið aukist og færni til að leysa verkefni lífsins verði betri.

Framkvæmdin er ekki flókin og felst í því að fara í gegnum hvert herbergi og safna þar hlutum saman í hrúgu. Og grisja. Halda aðeins þeim



ÞEGAR FÓLK ER ÞUNGLYNT

Á ÞAÐ OFT ERFITT MEÐ

AÐ HAFNA SIG Í ÝMISLEGT,

SVO SEM ÞRIF OG LÍÐUR

SVO ENN VERR MEÐ SIG

EFTIR ÞVÍ SEM VERKEFNIN

HRANNAST UPP.

Sóley Davíðsdóttir

hlutum eftir sem kveikja á tilfinningum. „Sem veita þér ánægju og vellíðan. Ef hlutur sannarlega kveikir gleðitilfinningu þá muntu ekki vera haldinn kvíða um hvort þú átt að halda honum eða ekki, segir Marie. Hún segir að fólk ætti ekki að halda í hluti vegna þess að þeir gætu komið að góðum notum síðar. Hlutur geti verið góður, nothæfur og jafnvel fallegur. En ef hann kveikir ekki á tilfinningum þá er hann það í raun og veru ekki. Þá segir Marie kominn tíma til að þakka fyrir notin og kveðja. „Segðu takk við hlutinn sem þú ætlar að losa þig við,“ segir Marie.

Marie trúir því að snyrtimennska geti leitt til alheimsfriðar. „Með því að horfast í augu við hlutina þína, horfast þú í augu við sjálfa þig,“ segir hún. „Það mun gera þig og alla í kringum þig hamingjusama.“



„Óreiða tekur orku,“ segir Sóley.

Ekki auðvelt fyrir alla að hafa hreint á heimilinu

Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur og forstjóri Kvíðameðferðarstöðvarinnar, segir að fólk liði klárlega verr sé allt í óreiðu. Það sé hins vegar ekki einfalt mál fyrir alla að taka til.

„Ég myndi segja að fólk liði klárlega verr ef allt er í óreiðu, en þegar fólk er þunglynt á það til dæmis oft erfitt með að hafa sig í ýmislegt svo sem þrif og líður svo enn verr með sig eftir því sem verkefni hrannast upp og enn erfiðara verður að hafa sig í það sem þarf að gera, eftir því sem óreiðan er meiri. Þannig myndast auðveldlega víthringur,“ segir Sóley og bætir því við að fólk verði oft rosalega ánægt með sig ef það nær að taka til og hafa fint í kringum sig.

„Svo á fólk með ADHD oft mjög erfitt með að taka til, óreiðan bara færir til og menn eru svona á „on“ og „off“ í tiltekt, taka sig til og reyna að skipuleggja allt, slaka svo á og allt fer á annan endann mjög fljótt. Þeir sem ganga vel um hafa vanið sig á ákveðna hluti, svo sem að ganga alltaf jafnóðum frá eftir sig og grípa alltaf eitthvað með sér í hvert sinn sem þeir t.d. fara fram í eldhúsi. Gott er að innræta börnum þetta svo þau tileinki sér góða vana í þessum efnum,“ segir Sóley.

„Óreiða tekur orku frá fólk í þeim skilningi að fólk fer endurtekið að leiða hugann að dótinu og draslinu sem er úti um allt. Því er talað um að fólk nái meiri hugarró ef minna af dóti er í kringum það,“ segir Sóley og eins og Marie mælir hún með því að fólk hafi færri en fleiri hluti í kringum sig og þá sem höfða til fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Sóley er í ítarlegri viðtali um tiltekt og vellíðan á Plússíðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.



Ráð frá Marie

Grisjaðu fyrst – skipuleggðu svo Marie ráðleggur fólk eindregið að ljúka við að grisja áður en hlutunum er fundinn staður á heimilinu.

Taktu til á þínu svæði

Hver og einn fjölskyldumeðlimur ætti að hafa sitt eigið afmarkaða svæði sem hann ber ábyrgð á að halda hreinu og skipulögðu.

Leyfðu krökkunum að vera með

Marie segir mikilvægt að foreldrar leyfi börnum að ákveða sjálf hvaða hlutir veita þeim gleði og hvaða hlutir geri það ekki.

Byrjaðu á fötunum

Byrjaðu á því að safna hverri einustu flik sem þú átt og setja þær saman í hrúgu. Haltu hverri flik upp og veldu þær úr sem veita þér gleði. Spurðu þig: Verð ég glöð að eiga þessa flik þegar veður er rétt til að nota hana?

Greindu á milli

Gerðu greinarmun á milli. Verð að eiga og Gott að eiga. Tökum sem dæmi einna dýrustu flikurnar í fataskápnum. Hafir þú aðeins notað þær í örfá skipti, þá er mögulega ástæðan sú að þær veiti þér ekki jafn mikla ánægju og þú hóst og því kannski kominn tími til að finna þeim nýja eigendur sem kunna betur að meta þær.



Klæðskerasniðin skrifstofurými til leigu

Laus eru til leigu rúmgóð skrifstofu- og verslunarrými með fallegu útsýni að Höfðabakka 9. Við húsið eru næg bílastæði fyrir bæði gesti og starfsfólk og auðvelt er að nálgast ýmsa þjónustu í nærumhverfi. Höfðabakki 9 er í alfaraleið og nálægt fjölförnum samgönguæðum.

Rýmin sem um ræðir eru á ýmsum hæðum.



Heil hæð um 900 m²

Hálf hæð um 450 m²

Gert er ráð fyrir að aðlaga rýmið að þörfum leigutaka í góðu samstarfi.

Myndir af uppgerðum rýmum, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is. Einnig veitir Halldór Jensson sölustjóri upplýsingar í síma 840-2100 eða á halldor@reitir.is.

REITIR

Velkomin til starfa



Sumir eru endalaust með tuskuna á lofti af ótta við álit annarra eða af ótta við sýkla,“ segir Sóley og mælir með að taka áhættu og bjóða fólki heim í draslið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekki bíða eftir því að vera í stuði

Hæfileg óreiða er heilbrigð, segir Sóley Dröfn Davíðsdóttir sálfræðingur og forstjóri Kvíðamiðstöðvarinnar. Hún segir ólíklegt að fólk öðlist meiri skilning á sér við þrif og mælir frekar með ýmsu öðru. Svo sem bókalestri, ferðalögum og kynnum við alls konar fólk.

Stundum fara hreingerningar og tiltekt út í öfgar,“ segir Sóley Dröfn Davíðsdóttir forstjóri Kvíðamiðstöðvarinnar. „Svo eru auðvitað þeir sem eru með hreingerningarárættu þar sem óhóflega mikil orka fer í að halda öllu finu og þá þarf að spyrja sig hvort það sé fyrirhafnarinnar virði að hafa allt svona fint. Ef fólk líður vel með þetta er það í lagi en sumir eru endalaust með tuskuna á lofti af ótta við álit annarra eða af ótta við sýkla eða svo allt liti vel út á yfirborðinu. Ef það er ótti við til dæmis álit annarra (eða sýkla) sem

stýrir þrifunum er hjálplegt að taka áhættu, bjóða fólki heim og hafa svolitið drasl og sjá hvað gerist. Eða koma við það sem manni finnst óhreint án þess að þvo sér og sjá hvort nokkuð gerist,“ segir Sóley.

„Hæfileg óreiða finnst mér heilbrigð og til marks um að fólk hugi að einhverju öðru en endalausum þrifum. Gott er að spyrja sig hvers maður vilji minnast í ellinni, að það hafi alltaf verið rosalega hreint og fint hjá manni eða hvort það væri kannski skemmtilegra að minnast góðra bóka sem

lesnar voru, skemmtilegs fólks sem maður umgekkst eða áhuga-verðra ferðalaga og svo framvegis. Til dæmis finnst mér alltaf skemmtilegast að koma á heimili þar sem bækur eru, ekki sist ef þær eru auðvitað lesnar og ekki bara til skrauts!“

En að fólk fái meiri skilning á sjálfu sér og lífinu við að þrifa eins og margir spekingar halda fram segir Sóley ólíklegt.

„Mér þykir ólíklegt að fólk öðlist meiri skilning á sér við þrif og mæli þá frekar með ýmsu öðru svo sem bókalestri, ferðalögum og kynnum

við alls konar fólk svo dæmi séu nefnd. Auðvitað eru regluleg þrif eitt af því sem reynir á sjálfsagann og gott að ala börn upp við að ganga vel um og taka tillit til annarra að því leyti. Gott er samt að temja sér og læra að maður geti gert eitthvað þótt maður hafi ekki gaman af því en það hefur svolitið borið á því á samfélagsmiðlum að fólk megi helst ekki leiðast nú til dags og sumir eru svo agalausir að þeir geta helst ekki gert eitthvað ef þeim finnst það erfitt og leiðinlegt,“ segir Sóley og segir

hægt að æfa sjálfsagann með því að þrifa óháð því hvernig manni líður. „Ekki þyðir að bíða eftir því að maður sé í stuði til að gera vissa hluti, eins og að fara í ræktina, því þá fær maður líklegast sjaldan! Takast þarf á við hlutina og svo verður maður eftir á ánægður með að hafa gert þá. Þetta er eins og með sjálfstraustið, ekki þyðir að bíða þar til maður treystir sér í hlutina, það gefur sjálfstraust að takast á við eitthvað erfitt og komast að því að maður ræður við það!“ segir Sóley að lokum.



Marie Kondo og aðferðir hennar við tiltekt njóta vinsælda. Hún segir að tiltekt og snyrtimennska geti leitt til aukinnar sjálfspækingar og meiri færni í að leysa dagleg verkefni. NORDICPHOTOS/GETTY

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Víðar Guðmundsson, prófessor í eðlisfræði, Ragnheiður Þorleifsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, Henry Alexander Henrysson, prófessor í heimspeki, og Karl Friðriksson, framtíðarfræðingur og forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og stjórnarformaður Framtíðarseturs Íslands, velta fyrir sér framtíðinni, væntingum og ýmsum áskorunum sem reiknað er með að samfélagið þurfi að fást við.

Er hægt að spá fyrir um framtíðina?

„Það má reyna og það er nauðsynlegt,“ segir Víðar Guðmundsson, prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands, en segir fortíðina sýna að slíkar spár verði fljótlega lélegar. „Slíkar spár framlengja oft ríkjandi ástand línulega, eins eru spár sem byggja meira á draumörum og eru lítills virði. Í besta lagi fá spárnar okkur til að huga að núverandi ástandi,“ segir Víðar.

Hann segist viss um að við sjáum ekki fyrir allar breytingar sem verði orðnar á samfélagi okkar árið 2050 eða 2100. „Tölvutækni mun enn aukast. Miklar breytingar verða í uppbyggingu og þróun örgjörva og minniseininga sem erfitt er að sjá fyrir. Skammtatölvur verða enn á jaðrinum. Þróun þeirra er hafin, en spennandi langtíma glíma við tæknilega örðugleika er fram undan. Fjárfesting í þróun örgjörva, og íhluta í samskiptatæki og tölvur mun enn vaxa, og rafeindaíðnaðurinn í heild verða enn stærra en nú um mundir,“ segir Víðar sem segir samfélagið munu einnig neyðast til að taka á umhverfissvá, þróun lýðræðis, mannlegum samskiptavanda, menntun og vísindalæsi.

Ný skammtatölva kynnt

IBM kynnti á dögunum nýja skammtatölvu, IBM Q System One. Hvaða þýðingu hefur það? Hvers eru þær megnugar?

„Grunneiningarnar eru enn nokkuð stórar, á millimetraskalanum. Í framtíðinni verður hægt að smækka þær og heilda eins og einingar hefðbundinna tölva í hálfleiðarakerfum með uppbyggingu á nanóskala. Fyrir skammtatölvur verður það enn dýrari og erfiðari þróun en fyrir hefðbundnu einingarnar. Takist þetta vel er augljóst að ýmsir reikningar fyrir vísindin verða miklu hraðari og möguleiki á að reikna ýmsa eiginleika stórra flókinna kerfa opnast. Þetta mun gagnast í lyfjaþróun, hönnun á efnum með vissa sértæka eiginleika. Eðlisfræðingar munu fjalla um eðlisfræði flókinna kerfa, eins og heila, taugakerfis, og lífs,“ segir Víðar og segir heimsmyndarfræðin einnig munu hagnast á skammtatölvum.

Fyrirtæki farin að gyrða sig í brók

Henry Alexander Henrysson er heimspekingur og adjunkt við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Hann sinnir rannsóknum á hagnýtri siðfræði og gagnrýnni hugsun og segir að á síðastliðnum árum hafi orðið vitundarvakning um að skyldur okkar við komandi kynslóðir séu raunverulegar skyldur. „Maður sér til dæmis merki um þetta í því hvernig mörg fyrirtæki eru farin að taka samfélagslega ábyrgð fastari tókum. Enn þá er þó tvennt sem veldur áhyggjum varðandi þessa þróun. Annars vegar geta skyldur við komandi kynslóðir stangast á við nærtækari skyldur okkar. Við þurfum stöðugt að vera

að veða og meta ólíkar skyldur og hverjar séu þær mikilvægustu í tilteknum aðstæðum. Það er ekki nóg að viðurkenna bara skyldur við komandi kynslóðir – við þurfum að vera viðbúin því að eiga í stöðugri iðrundun um ólíkar skyldur okkar og mér finnst við almennt ekki vera vel búin undir að eiga í þessum vangaveltum,“ segir Henry.

„Seinna atriðið er að þrátt fyrir að mörg fyrirtæki séu eins og áður sagði farin að gyrða sig í brók hvað varðar áhrif á samfélag og umhverfi, þá eru mikilvægustu aðilarnir seinir til. Hin alþjóðlegu stórfyrirtæki eru

almennt ekki að gera merkilega hluti í þessum málum. Það sama á við um kjörna fulltrúa víða um heim,“ segir Henry og segir að í veruleika þessara mikilvægu aðila, til dæmis í umhverfismálum, ráði enn skammtímasjónarmið ársfunda eða kosninga.

Gervigreind og gagnrýn hugsun
Getur tækni leyst (eða þvert á móti, aukid) ákveðin siðferðileg vandamál?

„Hver einasta tækninýjung skapar siðferðileg álitamál. Hún getur orðið að vandamáli ef við gætum okkar

ekki á því hvernig hún mótar líf okkar. Þetta sjáum við bæði hvað varðar nýja tækni í heilbrigðisvísindum og í þeirri samskiptatækni sem stöðugt hefur meiri áhrif á líf okkar. Í samtímanum höfum við til dæmis miklar áhyggjur af því hvernig samfélagsmiðlar og sú gervigreind sem þeir byggja orðið á stjórna sköpunum okkar. Mér finnst ekki ólíklegt að við náum betri tókum á þessari tækni og að algóritmar verði fljótlega farnir að aðstoða okkur á uppbyggjandi máta við sköðanamyndun. Fjöldamargir þættir þess sem við köllum gagn-

rýna hugsun gætu stuðst við tækni-legala lausnir sem munu aðstoða okkur við að greina staðreyndir frá áróðri og forða okkur frá glapsýnum og hleypidómum,“ segir Henry og nefnir að þannig geti ný tækni um tíma vegið að mikilvægum gildum og jafnræði en síðar mögulega orðið mikilvæg undirstaða. „Jákvæð niðurstaða veltur á því að akademía og atvinnulíf taki höndum saman,“ segir hann.

Réttindi vinnandi fólk

Í flestum spám þar sem horft er skammt fram í tímann, til dæmis til 2030 og 2050, er reiknað með umfangsmiklum breytingum á vinnu- markaði vegna framfara á sviði gervigreindar. Henry segir litla stefnumótun í gangi um hvernig við ætlum að bregðast við þeim. „Það sem í raun telst siðferðilega ámælisvert er þegar þeir, sem treyst er til að stjórna samfélaginu, telja það réttmætt að bregðast við eftir á. Við getum sem samfélag haft gríðarlega mikið að segja um hvernig við viljum bregðast við fyrirsjáanlegum breytingum á vinnumarkaði. Eitt er að aðlaga menntakerfið að þessum breytingum, en það er ekki síður mikilvægt að huga að því hvernig hugað verður að réttindum vinnandi fólks í þessu nýja umhverfi. Mun okkur til dæmis lánast að sýna almennilegt valdþrek til að tryggja að sprotafyrirtæki sem byggja á nýsköpun eigi tækifæri í heimi þar sem sífellt færri fyrirtæki, sem hvergi borga opinber gjöld sem nokkru nemur, eiga sífellt stærra sneið hagkökunnar? Það er ekki endilega ætlað atvinnuleysi sem verður alvarlegasta afleiðing vitvélavæðingarinnar heldur er spurningin hvort við treystum þeim fyrirtækjum sem nú standa best að vígi til að leiða þessa þróun,“ segir Henry.

Grænkerar unnu rökræðuna

Hvernig sérðu fyrir þér heiminn og manneskjuna í honum árið 2050? En 2100?

„Að einhverju leyti erum við að horfa fram á grundvallarbreytingar á manneskjunnari næstu áratugum – breytingar sem urðu mjög skýrar á sjóndeildarhringnum á síðasta ári. Sumt snertir lífsstíl okkar. Því var stungið að mér að eftir nokkra áratugi muni enginn borða kjöt í sama mæli og í dag. Mér þykir það líklegt enda sýnist mér grænkerar hafa unnið hina siðferðilegu rökræðu,“ segir Henry.

„Þá var einnig nefnt við mig að það muni þykja stórkostlega siðferðilega á mælisvert að aka sjálfur bifreið yfir vissum hraða. Við munum horfa til baka og hugsa hvaða ábyrgðarleysi það hafi verið að láta einstaklinga í mismunandi ástandi stjórna svona tækjum á þjóðvegum. Hugbúnaður mun alveg taka yfir slíkt. En þetta mun einnig rista dýpra. Mig grunar að árið 2050 muni það einnig þykja mikið ábyrgðarleysi að geta barn og fæða upp á gamla máttann. Fólk sem geri það sé að leggja byrðar á samfélagið. Allir fósturvisar verða skimaðir fyrir sjúkdómum og óæskilegum útlitiseinkennum. Slíkt verður grundvallarkrafa fyrir samt- ábyrgð í heilbrigðisþjónustu. Fólk af sama kyni mun líklega einnig geta átt börn saman án þess að þurfa kynfrumur frá gagnstæðu kyni. Að minnsta kosti mun konum standa þessi möguleiki til bodna árið 2050. Allt þetta mun gjörbreyta skilningi okkar á eigin tilvist og tilveru. Sumt verður jákvætt og annað neikvætt eins og gengur. Mig grunar að einhverjir muni spyrja hvers vegna við völdum að feta þessa slóð. Svárið verður líklega á þann veg að þetta gerðist bara. Við munum horfa til

Grænkerar í sjálfkeyrandi bílum

Það sem framtíðin ber í skauti sér reynist oft röt- tækara en spáð var og sagan sýnir að spár um framtíðina verði fljótt lélegar. Reynsla okkar og menning villir sýn. En við sjóndeildarhringinn má greina spennandi breytingar. Þróun skammtatölva er hafin og gervigreind og tækni við notkun algóritma við ákvarðanatöku fleygir fram.



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

Ný og ómótstæðileg
tilboð daglega!

LAGGER SALA

AFSLÁTTUR
500.000 KR.



Rnr.192736

RENAULT Captur Dynamic
Nýskr. 06/15, ekinn 47 þ.km,
dísel, 5 girar.
Verð 1.990.000

TILBOÐ!
1.490.000 kr.

AFSLÁTTUR
900.000 KR.



Rnr.145342

HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 05/17, ekinn 84 þ.km,
dísel, sjálfskiptur.
Verð 5.490.000

TILBOÐ!
4.590.000 kr.

AFSLÁTTUR
800.000 KR.



Rnr.400284

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 04/17, ekinn 58 þ.km,
dísel, 6 girar.
Verð 3.390.000

TILBOÐ!
2.590.000 kr.

AFSLÁTTUR
800.000 KR.



Rnr.145185

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 03/17, ekinn 63 þ.km,
dísel, 6 girar.
Verð 3.490.000

TILBOÐ!
2.690.000 kr.

AFSLÁTTUR
700.000 KR.



Rnr.145192

HYUNDAI I30 Comfort
Nýskr. 02/17, ekinn 36 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000

TILBOÐ!
2.690.000 kr.

AFSLÁTTUR
300.000 KR.



Rnr.145412

DACIA Duster Comfort 2wd
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km,
dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000

TILBOÐ!
2.690.000 kr.

AFSLÁTTUR
400.000 KR.



Rnr.430181

RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 11/12, ekinn 108 þ.km,
dísel, 6 girar.
Verð 1.290.000

TILBOÐ!
890.000 kr.

AFSLÁTTUR
1.000.000 KR.



Rnr.400245

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/17, ekinn 31 þ.km,
dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.890.000

TILBOÐ!
3.890.000 kr.

LAGERSALA BÍLALANDS ER BYRJUÐ!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði
sem slær allt annað út.

- VETRARDEKK
- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

baka án þess að koma auga á að lýðræðislegur vilji hafi nokkuð komið við sögu.“

Vinnan verður lífsstíll

„Vinnumarkaðurinn, störf og viðhorf fólks til vinnu gjörbreytist á næstu áratugum,“ segir Ragnheiður Þorleifsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, þegar hún er beðin um að ryna í framtíðina. Ragnheiður segir tæknibreytingar, umhverfisvernd og jafnrétti helstu drifkrafta breytinga næstu áratuga.

„Það er miklu meiri áhersla á mannlega þáttinn og að skapa aðlaðandi vinnuumhverfi. Fólk lítur í sífellt meira mæli á vinnustaðinn sem lífsstíl en lífsviðurværi. Þess vegna þurfa stjórnendur að búa til vinnustaðamenningu sem fólk getur samsamað sig. Næstu áratugi eiga skipurit eftir að fletjast út. Fyrirtæki verða vistkerfi frekar en þýramídi af fólki sem á að framleiða eitthvað fyrir þig,“ segir Ragnheiður. „Vinnustaðamenningin þarf að endurspeglar eigin gildi í lífinu, að geta samsamað sig kúltúrnum og fíla persónulega það sem er í gangi á vinnustaðnum, tilgang og markmið fyrirtækisins í heild sinni,“ segir hún.

Ragnheiður segist verða vör við að fólk skynji sjálft að það þurfi breiðari færni en áður. „Menntakerfið þarf að taka við sér, það þarf breiðari færni fólks á vinnumarkaðinn. Fólk mun þurfa fleiri verkfæri og það dugir skammt að einblína á getu fólks í kjarnafögum.“


Árið 2050, hvernig sérðu það fyrir þér?

„Vinnumarkaður mun verða sveigjanlegri þar sem við knýjum fram aukna framleiðni með því að gefa starfsfólki aukid traust og ábyrgð. Starfsfólk ber ábyrgð á framvindu verkefna sinna með skýr markmið og tímaramma til að vinna eftir. Vinnuframlagið sjálft getur farið fram hvar sem er á hvaða tíma sem er innan skynsamlegra marka og þegar það á við,“ segir Ragnheiður en í Hugsmiðjunni hefur vinnudagurinn verið sex klukkustundir í stað átta í nærri því þrjú ár. „Við getum stytta viðveru á vinnustöðum með skilvirku skipulagi og viðhorfsbreytingu. Að vinna vel á vinnutíma og fara þegar dagsverkinu er lokið. Áherslan á að vera á framleiðni og árangur fremur en viðveru. Vinnuveitendur þurfa að gefa eftir til að uppskera ríkulega í þessum málum,“ segir hún.

Tilfinningagreind mikilvæg

„Tæknibreytingar eru okkar hjartans mál í Hugsmiðjunni en við þurfum líka að huga að því hvernig við þróumst sem mann- eskjur í þessu breytilega umhverfi. Breytingar verða sífellt hraðari og eru lítið fyrirsjáanlegar þó að við höfum ákveðnar væntingar um til að mynda gervigreind og framfarir í vísindum. Stafrænar lausnir eru að leysa verkefni sem mannauður gerði áður – það eru auðvitað mjög jákvæðar en oft á tíðum líka erfiðar breytingar þar sem fyrirtæki geta farið að minnka starfsmannafjölda og hagræða í rekstrinum. Fólk getur því verið að missa vinnuna, sem getur verið erfið.“

Viðhorf fólks er algjört grundvallaratriði í umhverfi sem þróast hratt og við sem fyrirtæki þurfum stöðugt að vera á tánum að skoða nýjustu trend og tileinka okkur það sem á við,“ segir Ragnheiður og segir þá einstaklinga sem hafi jákvætt viðhorf til þessara áskorana en festast ekki í fyrri reynslu þá sem blómstri í sibreytilegu umhverfi. „Ég vil meina að viðhorf, drifkraftur og framsýni séu þeir eiginleikar í starfsfólki sem skilur að þá einstaklinga sem geta tekist á við þær breytingar sem framtíðin ber í skauti sér,“ segir hún og bætir við að í því samhengi sé það alrangt að eldra fólk helst úr lestinni. „Það er oft umræða um það að eldra fólkið eigi eftir að detta út af vinnumarkaði vegna tæknibreytinga, það er alrangt. Það eru vissar manngerðir sem hafa þessa eiginleika og þær eru



„Eðlisfræðingar munu fjalla um eðlisfræði flókinna kerfa,“ segir Vidar.



Hver einasta tækninýjung skapar síðferðileg álitamál, segir Henry.

Framtíðarspár samtímans

Vísindamenn, listamenn, hönnuðir og áhugafólk um framtíðina lögðu til framtíðarspár fyrir Kaspersky Lab, fyrirtæki sem vinnur að veflausnum og tölvuöryggi.

2030 í Moskvu: Risastórar loftslags- og gróður- hvelvingar

Til þess að verja fólk fyrir áhrifum loftslagsbreytinga rísa byggingar eða öllu heldur hvelvingar sem viðhalda ákjósanlegum skilyrðum loftgæða, gróðurs og birtu. Reyndar eru til slíkir verkefni nú þegar í smærri mynd. Til dæmis í Gardens by the Bay í Singapur.

2040 í Singapur: Vélþóddur vakta þig

Árið 2040 verða drónarnir sem fylgjast nú þegar með mannlífi í Singapur enn smærri. Þeim mætti líkja við vélþóddur.

2050 í Singapur: Tréhús

Umhverfisvænn arkitektúr leiðir til byltinga í borgum heimsins. Byggð, eða öllu frekar ræktað, risatréhús segja spekingar Kaspersky að verði að veruleika í Singapur.

2050: Rafrænn og persónulegur minnisþjónn

Maðurinn mun kjósa að reida sig á rafrænn minni þegar kemur að minningum. Með nýrri tækni og gervigreind verður hægt að útbúa eins konar rafrænan og persónulegan aðstoðarmann sem geti kallað fram minningar um allt sem viðkemur lífinu.

á öllum aldri þó að yngri kynslóðir séu með öðruvísi áherslu og kjósi sveigjanleika og nýjar áskoranir fremur en stöðugleika.“

Hún segir að þegar skipuritin fletjast út verði það enn mikilvægari eiginleiki stjórnenda að vera færir um að eiga í heilbrigðum samskiptum. Vera með tilfinningagreind og gott innsæi.

Framtíðarstjórnandinn býr til teymi sem leysir krefjandi verkefni á afmörkuðum tíma og þarf að geta sett saman góðan hóp fólks. Það er ekki ávisun á árangur að setja fullt af hæfu fólki saman í herbergi til að leysa verkefni. Stjórnandi með góða tilfinningagreind skilur hvaða fólk nær best árangri saman og hvernig,“ segir Ragnheiður.

Gagnrýnin hugsun sé einnig nauðsynleg. „Við erum í þeim atvinnugeira að við þurfum að vera á tánum, greina strauma og stefnur með gagnrýnni hugsun, tileinka okkur þá eða ekki. Það skiptir öllu

máli að vita hvað er að breytast til frambúðar. Hvað er að verða til grundvallar og aðlagast fljótt. Fólk hættir til að festast í því að það hafi reynslu. En það sem þú gerðir fyrir tíu árum á ekki við. Það sem þú gerðir í gær, það er eitthvað sem við getum talað um,“ segir hún.

Að greina undirölduna

Karl Friðriksson er framtíðarfræðingur og forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og stjórnarformaður Framtíðarseturs Íslands. „Framtíðarfræði er fræðigrein sem á sér langa hefð en er nýleg fræðigrein innan félagsvísinda. Innan hennar skodum við ólíkar framtíðir og notum aðferðafræði til að greina mynstur og laða fram ólíkar sviðsmyndir,“ segir Karl. „Við greinum drifkrafta. Annars vegar þá sem við verðum vör við í samfélaginu og þá sem liggja undir. Ef við notum samlíkingu úr náttúrunni, þá er það annars vegar öldur



Gardens by the Bay í Singapur.

2050: Vitvélarnar vinna fleiri störf

Enski stjarnfræðingurinn Martin John Rees hefur spáð því að árið 2050 muni vitvélarnar hafa tekið við flestum störfum sem mannfólk sinnir núna. Á hinn veginn verði sérhæfð störf í þjónustu þar sem krafist er sértækra alúðar, yfirsýnar og verkvits eftirsótt.

2050: Við búum á vinnustaðnum

Við eyðum ekki tíma í umferðinni, segir Vladislav Biryukov hjá Kaspersky. „Það er enginn tilgangur með því að eyða öllum deginum á skrifstofunni. Auk þess verða ekki margir með skrifstofu, eða í fullu starfi,“ segir hann. Fólk hefur val, það getur reitt sig á lágar tekjur og lifað fábrotnum lífsstíl. Eða það getur lært eitthvað sem er ekki hægt að vitvélavæða.



Ragnheiður hjá Hugsmiðjunni segir viðveru minnka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Karl segir að ekki megi vanmeta tilgang fræðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

tæknibreytinga er mikill á öllum sviðum. Samþætting greina á borð við erfða- og tölvutækni verður til þess að sköpunin verður sífellt meiri og hraðari. Þróunin er miklu hraðari en fólk gerir sér grein fyrir,“ segir Karl.

Vísindaskáldsögur mikilvægar

Karl segir skapandi hugsun mikilvæga í því að stilla fram ólíkum sviðsmyndum. Þannig megi ekki vanmeta sýn listamanna á framtíðina. „Vísindaskáldsögur eru mikilvægar, öll skapandi hugsun um framtíðina á erindi. Mynstur koma fram í listsköpun og öllu sem brýtur múra og hefðir. Það sem við erum að vinna með er að brjóta upp gamlar hefðir til að koma nýjum að. Reyna að vikka sjóndeildarhringinn,“ útskýrir Karl.

Hann minnir á að það megi ekki vanmeta tilgang fræðanna. „Framtíðarfræði náði varanlegri fótfestu í kringum síðari heimsstyrjöldina og þá tengt kjarnorkuvænni sem vofði yfir. Áhrif kjarnorkustyrjaldar, sú framtíð var teiknuð upp og það hafði áhrif.“

Það skiptir máli að ryna í áhrif ákvarðana sem við tökum í dag. Ég man eftir verkefni sem við gerðum fyrir hrún. Í einni sviðsmyndanna var teiknað upp bankahrun og þar var fólk úr ráðuneytum sem sagðist ekki taka þátt í þessari vitleysu. Þetta myndi aldrei gerast. Við þurfum að hlaupta á eftir því og biðja það um að sitja áfram. Eftir hrúnið og ræðu Geirs Haarde fékk ég samt frá einum þessara starfsmanna sem sagðist hafa lært af þessu og ætlaði að tileinka sér aðferðafræðina. Í dag er fólk opnara fyrir því að velja þessu fyrir sér,“ segir hann.

Karl segir að á næstu árum muni samfélög gjörbreytast vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar. „Þjarkar munu vinna erfiðustu störf. Skrifstofustörf munu gjörbreytast. Það er ekkert langt í að fjöldi starfa verði úreltur og taki breytingum. Ef við horfum aðeins lengra fram í tímann sjáum við enn meira samspil véla og manna og því tengdar breytingar á hinu samfélagslega mynstri, viðmiðum okkar. Við erum að vanrækja þá umræðu í dag. Við þurfum að ræða hvað er í vændum ef við viljum að þróunin verði okkur hliðholl.“



% **Allt á**




— **50** %

GEYSIR

RANGE ROVER TENGILTVINNBÍLAR

RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í RANGE ROVER

landrover.is



ENNEEM / SIA / NM01829

FRUMSÝNUM RANGE ROVER OG RANGE ROVER SPORT TENGILTVINNBÍLA Í DAG

Ferðalagið í átt að hinum fullkomna lúxusjeppa heldur áfram. Komdu á frumsýningu í dag frá kl. 12–16 og skoðuðu nýjustu útgáfur Range Rover sem sameina tæknilega framtíðarsýn og kraftmikinn, fágaðan glæsileika.

LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500



ABOVE & BEYOND



Búnaður bíls á mynd kann að vera frábrugðinn auglýstu verði.



Nýr Range Rover Sport HSE PHEV
Verð frá: 13.690.000 kr.

Setur ný viðmið. Einstaklega fágað hönnun sem gerir hann að sportlegum valkosti í flokki alvöru lúxusjeppa. Aukið afl, minni útblástur og framúrskarandi aksturseginnleikar.



Nýr Range Rover Vogue PHEV
Verð frá: 17.390.000 kr.

Afgerandi og fágaður alvöru lúxusjeppi sem búinn er öllum eiginleikum hins sígilda Range Rover, auk sparneytni.



Hvorki Enid né Claire myndi vilja annað hlutskipti en að búa á Íslandi. Hér sé lífið gott og íslenski veturinn sé bæði skemmtilegur og fagur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Komnar með leiklistarbakteríu

Biómyndin Tryggð fjallar um sambúð þriggja kvenna og menningarárekstra þeirra á milli. Enid Mbabazi og Claire Harpa Kristinsdóttir leika mæðgur frá Úganda og eru sjálfar þaðan.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Enid Mbabazi og Claire Harpa Kristinsdóttir hlýja sér á kaffihúsi í miðborginni á köldum og dimmum vetrardegi. Enid er komin þrjátíu og átta vikur á leið en átti samt ekki í neinum vandræðum með að ganga á glerhálum götum borgarinnar. Hún kann ekki illa við kulda og rok. „Ég er eins og innfædd, kann réttu göngulagið,“ segir hún og brosir breitt. Enid hefur búið á Íslandi í áratug. Hún fluttist hingað til lands frá Úganda í nóvember árið 2007. Claire Harpa á íslenskan föður en móðir hennar er frá Úganda.

Hún segist líka vera spennt fyrir vetrinum og segir vanta almennilegan snjó. „Það mætti vera meiri snjór,“ segir hún og fær sér sopa af heitu kakói með rjóma.

„Ég hafði aldrei séð snjó áður þegar ég kom hingað fyrst. Bara í sjónvarpinu,“ segir Enid. „Mér finnst veturinn fallegur, ég er hrifin af honum,“ segir hún.

Enid og Claire Harpa fara með stór hlutverk í nýrri íslenskri kvikmynd sem verður frumsýnd 1. febrúar. Tryggð fjallar um sambúð þriggja kvenna og menningarárekstra á milli þeirra. Enid leikur einstæða móður, Abebu, sem leitar að betra lífi og Claire Harpa leikur dóttur hennar, Lunu. Elma Lisa Gunnarsdóttir fer með aðalhlutverk í myndinni sem byggð er á skáldsögu Auðar Jónsdóttur, Tryggðarpanti, sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta árið 2006. Leikstjóri myndarinnar er Ásthildur Kjartansdóttir og er Tryggð fyrsta kvikmynd hennar í fullri lengd.

Vann baki brotnu

Enid kom til Íslands í leit að betra lífi. Hún skildi tveggja ára dóttur sína eftir hjá móður sinni og systkinum í Úganda. Hún hafði misst eiginmann sinn í bílslysi og fann enga atvinnu í heimalandinu þrátt fyrir góða menntun í viðskiptafræði.

„Pabbi Patience var dáinn, ég fann enga vinnu og gat ekki haft í okkur og á. Lífið var ekki gott í Úganda og ég ákvað að ég skyldi finna betra líf fyrir mig og hana. Hér bjó ættingi okkar og bauð mér að koma til sín sem ég þáði,“ segir Enid.

Enid vann baki brotnu frá því hún kom til landsins. Hún bar út Morgunblaðið. Vaknaði klukkan fimm á morgnana til að bera út blöð. Hún vann í verslunum og þreif heimili og skrifstofur. Hún var jafnan í tveimur til þremur störfum. „Ég tók öllu sem bauðst því hugurinn og hjartað var hjá Patience. Svo kom efnahagshrunið. Það tók mig smá stund að skilja hvað var að gerast. Ég var alltaf að senda peninga heim til Úganda og tók eftir því að krónan keypti sífellt færri úganska skilinga. En við erum svo sem öllu vön því að í Úganda má segja að sé hrun á hverjum degi,“ segir Enid.

Þrífir vanþakklátt starf

„Ég, eins og margir innflytjendur, tók öll þau störf sem mér buðust eins lengi og það var löglegt. Ég bý á Seltjarnarnesi og lærði á veðrið þegar ég bar út blöðin. Í hálfu, roki og myrkri. Á Nesinu er alltaf rok,“ segir hún og skellir upp úr. „En það er bara frábært. Ég var hæstánægð með starfið. Ég fór svo að þrifa heimili fólks. Ég hugsaði ekki mikið um það að ég væri ekki að nýta menntun mína. Tilgangur minn var að vinna og fá borgað og senda peninga til Patience,“ leggur Enid áherslu á.

Hún segir konur af erlendum uppruna sem flytja hingað til lands í erfiðri stöðu. Fyrir þrífir fékk hún greiddar um 2.000 krónur á tímunn. „Ég þreif fyrir fólk sem bjó í stórum húsum. Ég var ef til vill þrjá klukkutíma að þrifa stórt hús. Seinna þreif ég skrifstofur hjá stóru fyrirtæki og fékk svipað greitt. Ég þurfti þá líka að ferðast á milli staða með strætó. Að þrifa er erfitt starf og innflytjendur sem sinna því verða stundum fyrir því að það er lítið niður á þá,“ segir Enid sem segist þó ekki hafa orðið fyrir kynþáttafordómum vegna húðlitar síns og uppruna. „Ég er þannig gerð að ég er á verði fyrir því og myndi svara fullum hálsi. Langflestir Íslendingar eru einfaldlega frábært fólk,“ segir Enid.

Leikkonudraumar

Enid fékk Patience til Íslands árið 2010. Hún á einnig tveggja ára dóttur, Ísabellu, með núverandi eiginmanni sínum, Róberti Árna



INNFLYTJENDUR EIGA OFT ERFITT UPÐRÁTTAR OG EIGA SÉRSTAKLEGA ERFITT MEÐ AÐ FÁ GOTT STARF Í SAMRÆMI VIÐ MENNTUN. FÓLK ÞARF AÐ BYRJA Á BOTNINUM. ÞAÐ ÞARF Í RAUN AÐ BYGGJA LÍF SITT FRÁ GRUNNI. ÞAÐ SEM ÞÚ GERÐIR Í ÆTTLANDINU VERÐUR OFT EINSKIS VIRÐI.

Halldórssyni. Þau eiga von á syni innan skamms.

„Mér finnst gott að ala upp börnin mín hér. Ég held að Ísland sé einn besti staður fyrir börn að alast upp á,“ segir hún og strýkur yfir bumbuna.

Claire, hvað finnst þér?

„Mér finnst það bara fint. Ég hef komið tvisvar til Úganda en ég man ekki eftir því. Fólki er alveg sama hvaðan ég er. Það er ekki forvitnið um það. Ég er eiginlega aldrei spurð,“ segir hún.

Claire er spennt fyrir því að sjá afraksturinn og segist eiga sér draum um að verða leikkona í framtíðinni.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég leik í kvikmynd, mig langar til þess að verða leikkona og leika í fleiri kvikmyndum. En mig langar líka að verða söngkona og dansari. Ég er að æfa söng og leiklist í Borgarleikhúsinu og bráðum fer ég aftur að æfa dans,“ segir hún og hefur augljóslega nóg fyrir stafni. „Þetta eru áhugamál mín, mig langar til að starfa við þau í framtíðinni.“

Enid segist alltaf hafa haft áhuga á leiklist. „Ég tók þátt í uppfærslu á leikritum í skóla í Úganda en gafst aldrei tækifæri til að leika í kvik-

mynd. „Ég sá auglýsingu á Facebook þar sem var verið að leita að konum af erlendum uppruna til að leika í kvikmynd. Ég hugsaði með mér að ég hefði engu að tapa. Kannski ætti ég möguleika. Þegar ég mætti í prufuna þá voru þar ótal konur. Það sóttu um fimmtíu konur um hlutverkið. Mér féllust hendur. Þau ættu ekki eftir að velja mig, konu með enga reynslu. En svo fékk ég símtal,“ segir Enid og segist hafa orðið himinlifandi þegar hún frétti að hún hefði orðið fyrir valinu.

„Það er margt líkt með mér og aðalsöguhetjunni sem er líka frá Úganda og í sporum einstæðrar móður sem þarf að bjarga sér. Nema að hún er ekki með dvalarleyfi og því í enn verri stöðu en ég var í á sínum tíma. Eins og ég vill Abebe betra líf fyrir sig og dóttur sína.“

Myndi ekki vilja skipta

Á Íslandi eru rúmlega fjórutíu manns aðfluttir frá Úganda. „Við þekkjumst mörg og hittumst reglulega, til dæmis þegar einhver á afmæli eða heldur innflutningsboð. Ég hef líka á þeim árum sem ég hef búið hér kynnst mörgum konum af erlendum uppruna, staða margra þeirra er slæm og ótrygg. Eins og fjallað er um í Tryggð,“ segir Enid.

„Innflytjendur eiga oft erfitt uppdráttar og eiga sérstaklega erfitt með að fá gott starf í samræmi við menntun. Fólk þarf að byrja á botninum. Það þarf í raun að byggja líf sitt frá grunni. Það sem þú gerðir í ættlandinu verður oft einskis virði. Þú verður líka að geta talað góða íslensku. Ef þú getur það ekki þá getur þú farið í skóla en þar er allt líka á íslensku. Tækifærin til að læra eru takmörkuð. Þetta er ekki auðvelt en ég er samt svo hamingjusöm með mitt hlutskipti og myndi ekki vilja breyta neinu. Ég starfa sem skólalíði í Álftramýrarskóla og vinn þar með góðu fólki. Framtíðin er björt. Ég horfi reglulega til baka og hugsu aðstæðurnar sem ég kem úr. Þótt það sé kalt þá myndi ég ekki vilja skipta. Að vera í sólskini og eiga ekki mat, hafa engin tækifæri til atvinnu, að hafa ekki aðgang að heilbrigðiskerfi. Hér á ég val. Og nú hef ég leikið í kvikmynd! Þvílíkt ævintýri. Ég er svo þakklát fyrir tækifærið,“ segir hún.

Myndin var tekin upp í árslok 2017 svo Enid og Claire eru báðar spenntar að horfa á hana. „Við stefnum á að horfa á hana í lok janúar,“ segir Enid og Claire segist einnig hlakka mikið til.

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins



OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

Vetrarsport & ferðir

Kynningar:
Akureyri

LAUGARDAGUR 19. JANÚAR 2019



Gerða Sigmarsdóttir í frábæru veðri í Livigno á Ítalíu þar sem hún hefur dvalið með eiginmanni og tveimur börnum sínum í tvær vikur í góðu yfirlæti.

Ósvikin gleði í púðrinu

Gerða Sigmarsdóttir er með fjölskyldu sinni og nærri 150 öðrum Íslendingum í skíðaferð á Ítalíu. Hluti hópsins varð veðurtepptur á dögnum en Gerða og hennar fólk unir sér vel í fannferginu. ➔2



Snjónum hefur kyngt niður á Ítalíu undanfarið og valdið tilheyrandi umferðarteppum. Skíðafólkið í Livigno er hins vegar himinlifandi með fönnina enda ákaflega fallett um að litast.

Sólveig
Gísladóttir

solveig@frettabladid.is



Veðurspáin er ágæt fyrir næstu daga og mjög líklegt að við komumst heim á sunnudaginn eins og stefnan er sett á. En annars væri enginn stórskafi þótt við yrðum veðurteppt. Það myndi enginn gráta það að fá einn skíðadag í viðbót,“ segir Gerða hlæjandi þegar slegið er á þráðinn til hennar í Livigno á Ítalíu þar sem hún hefur verið frá 7. janúar með eiginmanni sínum, 13 ára dóttur og 15 ára syni. „Við erum í æfingaferð með um 150 manna hópi á vegum skíðadeildar Breiðabliks og KR en sonur okkar æfir skíði.“

Snjónum hefur kyngt niður síðustu daga og fréttir hafa borist bæði frá Austurríki og Ítalíu um mikið fannfergi og umferðarteppur tengdar þeim. „Hluti hópsins ætlaði reyndar heim 14. janúar en þurfti annaðhvort að framleggja eða fara heim eftir öðrum leiðum. Ófært var til Zürich og því voru einhverjir sem fóru til Milánó og flugu þaðan.“

Gerða segir fátt jafnast á við þessar skíðaferðir. „Þetta eru dásamlegar ferðir, yndislegar og afslappandi. Það myndast mjög skemmtileg stemning enda þekkjumst við foreldrar skíðakrakkanna vel því við hittumst mikið í fjallinu og þurfum að tala okkur saman um skutl auk þess sem við skiptumst á búnaði.“ Hópurinn heldur vel saman í ferðinni, skíðar saman, hittist í hádeginu og á kvöldin til að borða saman.

„Við erum á stóru hóteli sem rúmar allan hópinn og fleiri til. En í matsalnum fáum við rými út af fyrir okkur sem er mjög fint.“

Gerða segir þau hjónin ekki hafa verið neitt sérstakt skíðafólk áður en sonurinn fór að æfa. „En síðan verður þetta fjölskyldusport enda fer svo mikill tími í æfingarnar og skutlið að annaðhvort verða allir að taka þátt eða enginn,“ segir Gerða, en sér alls ekki eftir þeim tíma sem fer í æfingastúss sonarins. „Þetta er svo ofboðslega skemmtileg útvera og við foreldrar erum búin að læra helling á skíði á síðustu árum, byrjuðum í plóg niður brekkurnar en erum orðin bara nokkuð góð.“

Gerður segir aðstöðuna í Livigno frábæra. „Hér er heill hellingur af brekkum af öllu tagi, bláar, rauðar og svartar fyrir þá sem vilja



Gerða með eiginmanninum Hinriki og Valgerði dóttur þeirra á góðum degi.



Púðursnjórinn var alltumlykjandi.



Bilarnir voru litíð hreyfðir.

Annars væri enginn stórskafi þótt við yrðum veðurteppt. Það myndi enginn gráta það að fá einn skíðadag í viðbót.

hasarinn. Hér er 30 kílómetra löng gönguskíðabraut og margt sem hægt er að taka sér fyrir hendur annað en að standa á skíðum. Til dæmis fara í drift gocart, á fjórhjól, vélsleða og hundasleða. Hér er sundlaug með rennibraut, heil gomme af búðum og svo er maturinn auðvitað æðislegur eins og svo oft á Ítalíu.“

Fjölskylduæfingaferðir eru farnar á tveggja ára fresti og Gerða var því í Livigno fyrir tveimur árum líka. Hún segir töluverðan mun á snjómagninu en flestir séu bara afskaplega ánægðir þegar kyngi niður púðrinu. „Þetta er rosalega gaman fyrir þá sem eru góðir á skíðum, sérstaklega þá sem vilja fara í púðrið og skíða utanbrautar. Í gær náði púðrið upp að hnjám og allir að berjast niður brekkurnar og leika sér innan um trén. Það ríkti sko ósvikin gleði,“ segir Gerða sem sjálf nýtti tækifærið og æfði sig í að skíða í púðursnjó í barnabrekkunum. „Það er erfitt að skíða í púðrinu og tekur meira á lærin. En það var skemmtilegt að fá þetta æfingataækifæri fyrir okkur sem ekki erum vön púðrinu.“

Fannfergið hefur því síður en svo truflað hópinn. „Það gerði ferðina bara betri.“



Gabriel Pétur, einn af ferðafélögum Gerðar, utanbrautar á kafi í snjó.



Hluti af skíðahópnum frá Breiðablik og KR skemmtir sér í snjónum.

Heillandi vetrarparadís í norðri

Paradís vetraríþrotta er á Akureyri og í Eyjafirði. Þar er hægt að njóta dekurs og vellystinga á frábærum veitinga- og skemmtistöðum, skoða spennandi söfn, freistandi verslanir og upplifa metnaðarfulla menningardagskrá í einstakri vetrardýrð í einum af fegurstu bæjum lýðveldisins.

Nú er flennifæri í Hlíðarfjalli og aftur kominn nægur snjór í vetrarparadísina Akureyri. Höfuðborgarbúar hafa beðið óþreyjufullir eftir að komast aftur norður á skíði og nú er vertíðin að hefjast af fullum krafti. Eftir góðan dag í Fjallinu er síðan fátt betra en að láta líða úr sér í heitum pottunum og gufunni í Sundlaug Akureyrar. Skemmtanalífíð í bænum er einnig með líflegasta móti á þessum árstíma og má benda á að Græni hatturinn er trúlega vinsælasti og besti tónleikastaður landsins. Þá er mikið um spennandi viðburði í Hofi og söfmin á Akureyri geyma fjársjóði. Sýningar á söngleiknum ógleymanlega Kabarett verða í Samkomuhúsinu fram í febrúar. Kíktu á dagskrána á visitakureyri.is.



Axel Ernir.

Að eiga fjallið einn

Fjallaskíðamennska snýst um að fara á tveimur jafn fljóttum upp á fjall og renna sér niður ósnortna brekku, helst í púðursnjó sem enginn hefur snert áður. Í því felst fúttið; að komast ótroðnar slóðir,“ segir norðanmaðurinn Axel Ernir, fjallaskíðakappi og framkvæmdastjóri vetrarhátíðarinnar Iceland Winter Games, sem fer fram í Hlíðarfjalli dagana 22. til 24. mars.

Axel hefur skíðað frá því hann man eftir sér en kynntist fjallaskíðum fyrir um áratug og þá varð ekki aftur snúið.

„Þeir sem stunda vetrarsport vita

að Eyjafjörðurinn og Tröllaskaginn, hæsti fjallgarður Íslands, eru paradís fyrir fjallaskíði og útivist af öllu tagi. Þessi stóru fjöll og nálægðin við þau; það er örstutt að komast yfir í vetrarriki náttúrunnar og á vit ævintýrana,“ segir Axel sem getur klætt sig í skíðaklossana heima og gengið upp á topp Hlíðarfjalls úr hverfinu.

„Það er náttúrlega geggjáð. Það tekur ekki nema fimm mínútur að komast á bil á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli eða að gönguleiðinni á Súlur, og þótt maður þurfi að keyra í 30 til 40 mínútur yfir til Dalvíkur,

Ólafsfjarðar eða Siglufjarðar er það enginn akstur til að vera kominn í einskis manns land á Tröllaskaganum með endalaus möguleika. Í því felast líka töfrarnir við norðrið,“ segir Axel.

Fjallaskíði eru breiðari en hefðbundin svigskíði og í þeim er meira flot. Sett eru sérstök skinn undir skíðin sem gefa gott grip og er losað um hæfestinguna til að ganga upp snævi þaktar brekkur.

„Vinsælt er að skinna sig upp af skíðasvæðinu og á topp Hlíðarfjalls en vinsælastur er þó Kaldbakur ofan við Grenivík og Kerling í Eyjafirði, inn fyrir Hrafnagil. Þá er líka gríðarlega vinsælt að fara inn í Glerárdal, þar sem er fullt af spennandi fjöllum, og á Tröllaskagan í gegnum Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð, þar sem eru endalaus fjöll og draumalendur fyrir hvers kyns vetrarsport,“ útskýrir Axel.



Vetrarrikið á Akureyri er engu líkt í dýrð sinni og sneisafullt af spennandi afþreyingu. MYNDR/ AÐUNN NIELSSON

„Í því felst fúttið; að komast á ótroðnar slóðir og helst púðursnjó sem enginn hefur snert.“

Allur er varinn góður í fjallaskíðamennsku.

„Fjallaskíðamennska, eins og öll vetrarútvist í öbyggðum Íslands, krefst undirbúnings og varkárni. Menn þurfa að vera meðvitaðir um mögulega snjóflóðahættu og allir

sem stunda fjallaskíði og vetrarútvist ættu að hafa tekið námskeið í snjóflóðaleit og hægt er að taka námskeið í fjallaskíðamennsku. Eins ættu allir að vera með heilaga þrenningu fjallaskíðamannsins í bakpokanum; snjóflóðayli, skóflu og snjóflóðastöng, og kunna að nota það til að bjarga sér og félögum ef til þess kemur,“ upplýsir Axel.

„Fjallaskíðamennska stendur fyrir frelsi, að vera einn með náttúrunni og eiga fjallið aleinn. Vita-skuld er skemmtilegast að stunda

vetrarsport í heiðríkju, frosti og stillu en það er líka vel hægt að gera það þótt skýjað sé. Þá verður maður bara að fara sér hæg og passa sig betur,“ segir Axel og hlakkar mikið til Iceland Winter Games í mars, einnar stærstu vetraríþróttahátíðar landsins.

„Þar er keppt í ýmsum vetraríþróttagreinum, meðal annars „free ride“ skíðamennsku þar sem farið er upp með troðara og valin leið niður, sem er gríðarlega skemmtilegt,“ segir Axel en dagskrána má sjá á icelandwintergames.com.

Leikvöllur fyrir alla fjölskylduna

Hlíðarfjall er fyrir alla; káta krakka, konur og karla,“ segir Stefán Gunnarsson, svæðisstjóri á skíðasvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli.

„Það er rótgróin skíðamenning hér nyrðra og skíðafólk sækir mikið í fjallið, bæði heimamenn og gestir, enda tekur ekki nema sjö mínútur að keyra upp í skíðasvæðið sem lokkar og laðar með sínum tindrandi ljósum og náttúruferð. Við erum því dekrúð hvað þetta varðar,“ segir Stefán kátur á dásemdum skíðasvæði Akureyringa sem skíðandi landsmenn elska.

Alls eru sjö skíðalyftur í Hlíðarfjalli og 25 mismunandi skíðaleiðir, þegar allt er opið. Þá eru samtals 15 kílómetra langar gönguskíðabrautir í fjallinu, upplýstar um ævintýralönd.

„Við erum með frábæra aðstöðu fyrir svigskíði, fjallaskíði og snjóbreitti. Þar af tvær mjög byrjendavænar skíðalyftur, eins og Töfrateppið sem er færiband sem skíðafólkið stendur á, upp í afbrigðs aðstöðu fyrir keppnisfólk. Skíðabrekurnar eru flokkaðar í fjórum litum: grænar, bláar, rauðar og svartar, en grænar og bláar eru fyrir byrjendur, rauðar fyrir lengra komna og svartar fyrir þá allra reyndustu,“ útskýrir Stefán.

Í Hlíðarfjalli er snjóframleiðsla og framleiddur dúnmjúkur púðursnjór í helstu skíðaleiðir þegar aðstæður leyfa og snjólétt er nyrðra.

„Skíðabærinn Akureyri er heillandi vetrarparadís. Á falgum degi er engu líkt að njóta ægídagurs útsýnis út og yfir fjörðinn úr fjallinu,



Í Hlíðarfjalli eru fyrsta flokks aðstæður til skíða- og brettaiðkunar og næg tækifæri til ógleymanlegra samverustunda.



„Við eigum 300 frábær skíði á skíðaleigunni, allan útbúnað og meira að segja víðeigandi hlífðarfatnað.“

leika sér í snævi prýddri umgjörðinni og njóta veitinga og samveru í gamla skíðahótelinu og uppi í Strýtskála við enda stólalyftunnar. Nú er tíminn fram undan að koma norður og njóta vetrarsports og ef fólk er ekki vant á skíðum eða tók ekki búnaðinn með sér eigum við 300 frábær skíði á skíðaleigunni, allan útbúnað og meira að segja hlífðarfatnað ef fólk fær þá skyndihugdettu að skella sér á skíði. Og vitaskuld er hægt að bóka skíðakennslu í fjallinu,“ segir Stefán en undanfarin misseri hefur færst í aukana að erlendir ferðamenn leigi sér skíði og prófi að renna sér á skíðum í Hlíðarfjalli þar sem nóg er plássíð.

„Hlíðarfjall er ævintýrastaður þar sem allur aldur nýtur lífsins saman, hver sem búnaðurinn er, skíði eða breitti. Svo hittist fólk til að fá sér í gogginn saman og heldur síðan áfram að leika sér í snjónum og að sjálfsögðu tökum við vel á móti öllum af alkunnri norðlenskri gestrisni.“

Hægt er að fylgjast með opnunartímum, veðurspá og færi á hlidarfjall.is og á Facebook og fá allar nánari upplýsingar í síma 462 2280.

Veturinn hefur sinn sjarma

Það er fátt betra en að líða hljóðlaust eftir spegilsléttum sjónum á kajak með hvít fjöllin á aðra hönd og horfa á himin og haf renna saman í eitt á hina. Kajakróður á líka vel við íslenska veturinn.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Þótt flestir tengi kajakróður við sumartímann hér á landi er alls ekki síðra að róa kajak yfir vetrartímann. Það þarf bara að huga að öðrum búnaði og öryggisþáttum, hegða sér skynsamlega eins og alltaf og bera virðingu fyrir náttúruöflunum, segir Eymundur Ingimundarson, sem byrjaði að stunda íþróttina aftur nær fimmtugur að aldri. „Það er fátt yndislegra en að líða hljóðlaust eftir spegilsléttum sjónum með hvít fjöllin á aðra höndina og horfa á himin og haf renna saman í eitt á hina, sjá forvitna seli stinga upp kollinum annað slagíð og stöku kollu stinga sér í djúpið og hverfa um stund. Þannig getur sviðsmyndin verið bara við það að róa út í Lundey hér við Reykjavík á köldum og stilltum vetrardegi.“

Hann segir sjóinn við Ísland vera eiginlega alltaf kaldan svo allt árið sé róíð í þurrköllum og til dæmis þunnum ullarnærfötum. „Yfir vetrartímann þykknar millilagið og góður flisfatnaður hentar þá vel. Búnaðurinn er meira og minna sá sami og að sumarlagi, þó bætast til dæmis við rauð blikkandi ljós, eitt á bátinn og annað á björgunarvestið, áralúffur og góð húfa. Einn liður í undirbúningi fyrir róður er að kíkja á veðurspána, flóða-töfluna og jafnvel ölduspá, en þessi þáttur verður mikilvægari að vetri til eins og gefur að skilja, alveg á sama hátt og veðurspáin fyrir þann sem stundar fjallgöngur að vetri til. Í þessu sporti, eins og sennilega flestum, hafa árstíðirnar hver sinn sjarma og erfitt að gera þar upp á milli, en kajakróður að vetri til er síður en svo minna heillandi en á öðrum árstímum.“



„Í þessu sporti, eins og sennilega flestum, hafa árstíðirnar hver sinn sjarma og erfitt að gera þar upp á milli, en kajakróður að vetri til er síður en svo minna heillandi en á öðrum árstímum,“ segir Eymundur Ingimundarson, sem hellti sér út í kajaksportið tæplega fimmtugur að aldri. MYND/STEFÁN



Hér er Eymundur róandi norðan við Geldinganes á góðum vetrardegi.



Fyrsta reynsla Eymundar af kajak var þegar faðir hans fleytti honum á báru-járnskajak um eins árs aldurinn.



Í öldugangi úti í Wales (Angelsey) í frægri röst sem kallast Penrhyn Mawr.

Lengri afgangi afgreiðslutími á ylströnd

Ylströndin Nauthólsvík



Mánudagar – Föstudagar

11-14 og 17-20

Laugardagar

11-16

Verið velkomin í Nauthólsvík



Sími 411 5000 • www.itr.is

Ræðst af veðri og vindum

Eymundur er búsettur á höfuðborgarsvæðinu og yfir veturinn róa hann og félagar hans mest á höfuðborgarsvæðinu í nágrenni Reykjavíkur, helst á Sundunum en það svæði er að hans sögn mjög fjölbreytt, bæði hvað varðar sjólag og leiðir. „Við hringum gjarnan eyjarnar, Þerney, Lundey, Viðey og Akurey og svo er alltaf spennandi að róa fyrir Gróttu og Álftanesið, þar er alltaf eitthvað að gerast í sjónum, en það ræðst af veðri og vindum hvaða leið er valin hverju sinni.“

Ekki er mikið um skipulagðar kajakferðir yfir vetrartímann en klúbbfélagar Eymundar taka sig stundum saman og fara í dagsferðir, til dæmis inn í Hvalfjörð eða með fram Vatnsleysuströndinni. „Fyrstu skipulögðu ferðir ársins eru gjarnan í lok mars eða byrjun apríl og þá er rykið dustað af tjöldunum og róíð út í einhverja af eyjunum hér á Sundunum við Reykjavík og gist þar eina nótt.“

Byrjaði á Seyðisfirði

Eymundur ólst upp á Seyðisfirði þar sem hann og vinir hans smíðuðu sér kajaka úr bárujárnspötum. „Árarnar voru gjarnan útbúnar úr kústskafti og á það

negldir einhvers konar spaðar úr krossviði. Á þessum fleytum reri maður mest á Lóninu, þar sem Fjarðará rennur í gegnum bæinn, og einu sinni man ég eftir að hafa róíð út á miðjan fjörð og minnstu munaði að illa færi. Þessi reynsla átti örugglega sinn þátt í því að alltaf blundaði í manni löngun til að stunda þetta sport en það var ekki fyrr en um 35 árum seinna, næstum fimmtugur, sem ég lét verða af því. Konan mín, Erna Jónsdóttir, fór einnig að stunda þetta fljótlega á eftir mér og er orðin ansi glúrin. Við höfum til dæmis farið saman í kajakútilegur, róíð milli fjarða á Austfjörðum og víðar.“

Ef einhverja langar að prófa kajak yfir vetrartímann er hægt að mæta í félagsróðra á laugardagsmorgnum kl. 9.30 við aðstöðu Kayakklúbbsins við Geldinganes í Reykjavík. „Klúbburinn lánar báta, árar og nauðsynleg hlífðarföt, en alltaf er best að klæðast ull innst, svo flís eða öðru álíka utan yfir og gripa með sér góða húfu og kannski gamla íþróttaskó sem mega fara í sjóinn. Strangri öryggisstefnu er fylgt og reyndir ræðarar sjá um róðrarstjórn en þessir félagsróðrar eru sniðnir fyrir byrjendur.“

ÓLEIÐ

LAUGARDAGUR 19. JANÚAR 2019

Helgin



Kvikindisskapur og illkvittnislegur húmor hefur fylgt Önnu Þóru Björnsdóttur frá fæðingu. Hún er einn meðlima uppistandshópsins Bara góðar sem treður upp í fyrsta sinn á morgun. ➔6



Ingibjörg Sveinsdóttir hárgreiðslumeistari hefur aldrei séð aðra eins bót og betrun á hári og eftir inntöku á Protis® Kollagen. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Upplifði kraftaverk á hári sínu

Hárgreiðslumeistarinn Ingibjörg Sveinsdóttir lenti í slæmu hárlosi í fyrravetur. Til að styrkja hárið hóf hún að taka inn Protis® Kollagen í apríl og hefur síðan í vor öðlast mikinn hárvöxt sem skilar henni fallegu og ræktarlegu hári. ➔2

HVER VANN?

Sportið á frettablaðið.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Framhald af forsiðu →

Ég missti heilmikið hár í fyrra-
vetur vegna vöðvabólgu en
gæti nú klippt á mig þykkan
þvertopp.“ segir Ingibjörg Sveins-
dóttir, hárgreiðslumeistari á Hári
í höndum.

Ingibjörg hefur síðan í apríl
síðastliðnum tekið inn Protis®
Kollagen sem styrkir uppbygg-
ingu og endurnýjun húðar, hárs
og nagla.

„Sem hárgreiðslukona hef ég
aldrei séð annað eins,“ segir Ingi-
björg sem tekur þrjár töflur á dag
og hefur ekki misst úr dag.

„Protis® Kollagen hefur gert
kraftaverk fyrir mig. Á innan við
hálfu ári var ég aftur komin með
hár en áður var farið að skína ofan
í kollinn á mér. Þá hefur húðin
mín, sem orðin var þurr, aftur
fengið eðlilegan raka og aukinn
þéttleika, og neglurnar eru sterkar
og flottar.“

Lika gott fyrir karla

Ingibjörg segir þekkt að vöðva-
bólga og allt sem þrengr að blóð-
flæði upp í höfuðið valdi hárlösi.

„Það, ásamt minni framleiðslu
kollagens í líkamanum, er ástæða
þess að eldra fólk verður þunn-
hærðara og kollvik hækka. Ég mæli
því hiklaust með Protis® Kollagen
fyrir þá sem vilja fallett hár og
ekki síst fyrir konur með hárlös
og þær sem eru að eiga börn því eftir
barnsburð er hárlös oft vanda-
mál. Ég er líka viss um að Protis®
Kollagen hjálpi körlum sem eru
farnir að finna hár sitt þynnast
en það gerist gjarnan vegna of
mikillar gelnotkunar sem lokar
hárasekkjunum.“

Ingibjörg mælir með Protis®
Kollagen fyrir konur sem greint
hafa með krabbamein og ganga
í gegnum erfiðar krabbameins-
meðferðir. „Lyfjameðferðir fara illa
með húðina og valda hármíssi. Því
er kollagen eitt það besta sem hægt
er að gera til að styrkja og efla
hárið, húðina og neglurnar,“ segir
Ingibjörg.

Náttúrulegt yngingarmeðal

Kollagen er náttúrulegt byggingar-
efni húðar, hárs og nagla en eftir því
sem aldurinn færast yfir fara birgðir
þess minnkandi í líkamanum.

„Þess vegna hafa konur keypt sér
kollagen í gegnum árin og ég er þar
engin undantekning. Hins vegar
er þrefalt meira kollagen í Protis®
Kollagen en því sem ég hef keypt
annars staðar. Kollagen má segja
að sé náttúrulegt yngingarmeðal
því það spornar við hrukkumynd-
un, endurnýjar húðina og dregur
úr finum línunum,“ segir Ingibjörg



Ingibjörg mælir með Protis® Kollagen fyrir allar konur sem glíma við hárlös en segir það einnig gott fyrir karla þegar hár fer að þynnast. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Protis® Kollagen
hefur gert krafta-
verk fyrir mig. Á innan
við hálfu ári var ég aftur
komin með hár en áður
var farið að skína ofan í
kollinn á mér.

sem talar af reynslu og fann fljótt
mikinn mun á húð sinni, hári og
nögglum með Protis® Kollagen.

„Ég hef aldrei séð slíkan mun
áður. Hárið var orðið til vandræða
og ég farin að nota gamla blásturs-
bursta frá diskóárunum til að ná að
lyfta því upp frá andlitinu. Hárið
vex hratt og þykkar eftir því sem
ný hár vaxa. Endurnýjunin er því
mikil og hröð.“

Góður og greinilegur árangur

Fagurt hár Ingibjargar vekur
athygli viðskiptavina hennar sem
taka eftir því hár hennar hefur
þykknað og er orðið ræktarlegt.

„Breytingin er svo mikil og
augljós. Það er stór munur á
mér og fólk veltir fyrir sér hvað
ég gerði. Eftir að hafa tekið inn
Protis® Kollagen í aðeins tvær
vikur var ég laus við hárlösið og
eftir tvo mánuði var greinilegur

munur á hárinu sem hafði bæði
þykknað og vaxið mikið. Þeir sem
prófa svo Protis® Kollagen einu
sinni kaupa það aftur og aftur því
árangurinn er svo góður og greini-
legur.“

Protis® Kollagen fæst í flestum
matvöruverslunum, apótekum,
heilsuverslunum og í Frihöfninni.
Nánari upplýsingar á protis.is.

PROTIS® Kollagen – Eina íslenska kollagenið

Kollagen er náttúrulegt pró-
tein og eitt helsta byg-
ingarefni líkamans. Virkni
þess styrkir bæði uppbyggingu og
endurnýjun húðar, hárs og nagla.

- Ekkert gelatín eða sykurl
- Meira magn virkra efna en hjá flestum samkeppnisaðilum
- Engin aukaefni
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla

PROTIS® KOLLAGEN

Fyrsta og eina íslenska kollagenið
sem er framleitt á Íslandi.

Protis® Kollagen er framleitt úr
íslensku fiskroði hjá líftæknifyrir-
tækinu PROTIS. Varan er einstök
blanda af bestu innihaldsefnum
sem öll styðja við styrkingu á húð,
hári og nögglum. Kollagen úr fiski
er áhrifaríkara en kollagen úr

landdýrum þar sem upptaka úr
meltingarvegi er betri.

Helstu innihaldsefni

- SeaCol® er blanda af vatns-
rofnu kollageni úr íslensku fisk-
roði og vatnsrofna þorspróteini
úr íslenskum þorski. SeaCol
® tekur þátt í að styrkja vefi
líkamans og viðhalda teygjan-
leika.
- C-vítamín tekur þátt í myndun
kollagens í líkamanum.
- Hyaluronic-sýra er eitt mest
rakagefandi efni náttúrunnar
og viðheldur meðal annars raka
húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær
öllum frumum líkamans. Það
er mikilvægt fyrir endurnýjun
fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar
og biótín fyrir hárvöxt, endur-
nýjun húðar og vöxt nagla.



Protis® Kolla-
gen er fyrsta og
eina kollagenið
sem framleitt er
á Íslandi. Það er
einstök blanda
af bestu inni-
haldsefnum sem
öll styðja við
styrkingu á húð,
hári og nögglum.

Laus við svitakóf og betri svefn með Femarelle

Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs. Þær slá á einkenni tíðahvarfa eins og hitakóf auk þess að styrkja beinin.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru fjölmargar sem þjást á einhvern hátt.

Hvað er breytingaskeið

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hættu. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Purr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pírringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

Femarelle virkar

Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur fundið fyrir einkennum breytingaskeiðsins



„Ég vaknaði 4-6 sinnum á nóttu vegna svita og almenns pírrings en sef núna mjög vel sem skilar sér í meiri orku og úthaldi.“

Í þó nokkur ár og hafa þau farið stigvaxandi með hækkanði aldri. Í byrjun þessa árs voru einkennin þó orðin þannig að ekki var lengur við unað. Hún hefur þetta að segja um Femarelle:

„Þegar að því kom að ég vildi gera eitthvað í málunum, hugnaðist mér ekki að fara á hormónalyf svo ég frestaði alltaf að panta mér tíma hjá lækni. Einhvers staðar rakst ég á umfjöllun um náttúruylfið Femarelle og góðar reynslusögur af því. Ég ákvað að kaupa

mér einn pakka og prufa, það gæti varla skaðað nokkuð. Eftir 7 til 10 daga inntöku samviskusamlega kvölds og morgna, fór ég að finna mun. Líkamsofninn minn var farinn að kveikja á yfirhita í tíma og ótíma en það hætti alveg. Ég vaknaði 4-6 sinnum á nóttu vegna svita og almenns pírrings en sef núna mjög vel sem skilar sér í meiri orku og úthaldi. Fótapírringur sem



Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur góða reynslu af Femarelle.

hefur hrjád mig í mjög mörg ár hefur einnig minnkað til mikilla muna. Þetta allt þakka ég Femarelle Recharge töflunum því ef ég á þær ekki til þá láta einkennin aftur á sér kræla. Þess vegna get ég sagt með góðri samvisku að Femarelle virkar.

Rannsóknir staðfesta virkni

Professor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum, mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það sem gerir Femarelle sérstakt er efnasamband, unnið úr

óerfðabreyttu soja, sem kallast DT56a og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.

Betri svefn og sjaldnar þvaglát

Þegar karlmenn eldast breytist hormónamagnið í líkamanum sem getur valdið því að blöðruhálskirtillinn stækkar lítillega og fer að valda vandamálum við þvaglát. Það getur verið:

- Litil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátapörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

Brizo breytti allri liðan

Skúli Sigurðsson ber Brizo vel söguna en hann segir jafnframt að hann hafi mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf og þá án aukaverkana:

„Ég var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Ég vildi forðast að nota lyf og leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst að prófa Brizo og fann fljótt að mér leið



betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina. Ég er mjög ánægður með árangurinn og það, hvernig mér líður af notkun þess.“

Aukin vellíðan

Brizo er framleitt á einstakan hátt þar sem virka efnið SC012 er unnið úr gerjuðu soja. Rannsóknir hafa sýnt að verulega dró úr þeim einkennum sem áður voru talin upp við inntöku á Brizo í 3 mánuði. 1 hylki kvölds og morgna þarf til að Brizo beri tilætlaðan árangur.



Skúli Sigurðsson.

Sölustaðir: apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

Heilbrigð melting

Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum



Inniheldur:

- Kólín sem stuðlar að:
 - eðlilegum fituefnaskiptum
 - viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar
- Mjólkurþistil og ætipistil sem talin eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls
- Túrmerik og svartan pipar

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna
Nánari upplýsingar á www.icecare.is

Næring+ nýr drykkur frá MS

Nýr íslenskur næringardrykkur sem fellur vel að ráðleggingum um mataræði eldra fólks.

Næring+ er nýr næringardrykkur frá Mjólkursamsölunni en um er að ræða orku- og próteinríkan drykk sem hentar vel þeim sem þurfa að þyngjast eða sporna við þyngdartapi, gott millimál í fernu.

Næring+ er vítamín- og steinefnabættur og getur m.a. hentað eldra fólki, en með aldrinum minnkar oft matarlystin þó að þörf fyrir orku, prótein, vítamín og steinefni sé enn til staðar. Til að fyrirbyggja vöðvarýrnun og þyngdartap hjá eldra fólki er mikilvægt að það neyti orku og próteina í ríku mæli og getur drykkurinn einnig hentað þeim sem vilja handhægt orku- og próteinríkt millimál.

„Við þróun á Næringu+ var tekið mið af nýjum ráðleggingum um mataræði eldra fólks sem gefnar voru út í desember 2018 af Embætti landlæknis, ásamt Rann-



Dr. Björn S. Gunnarsson, vöruþróunarstjóri MS.

sóknarstofu HÍ og Landspítala í öldrunarfræðum. Sérstök áhersla var lögð á að hafa drykkinn eins prótein- og orkuríkan og hægt var án þess að láta það bitna á bragðgæðum vörunnar,” segir dr. Björn S. Gunnarsson, vöruþróunarstjóri MS.

Í ráðleggingunum kemur fram að til að uppfylla næringarþörf hjá eldra fólki með minnkaða matarlyst er mælt með orku- og próteinríku fæði og m.a. mælt með mjólkurvörum sem góðum próteingjafa.

Næring+ fæst í 250 ml fernum



Næring+ er vítamín- og steinefnabættur drykkur.

með súkkulaðibragði og kaffi-/súkkulaðibragði, en hver fernu af drykknum inniheldur 360 kcal og 22 g prótein. Þrátt fyrir að drykkurinn sé orkuríkur er gætt að því að stilla magni viðbættis sykurs í

hóf og engin sætuefni eru í honum. Búið er að kljúfa allan mjólkursykur (laktósa) í Næringu+, þannig að drykkurinn á að henta öllum sem hafa laktósaþol og þá er hann einnig án glútens.

Næring+ er góður valkostur til að hjálpa við að tryggja næga orkuinntöku og uppfylla próteinþörf en best er að nota drykkinn milli mála og gæta jafnframt að því að fá reglulegar máltíðir.

Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!



"Íðraólgja þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hæggðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum."

- Þorbjörg Hafsteinsdóttir
næringarþerapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

Tíu vinsælustu drykkirnir

Það eru margir gamlir, þekktir áfengir drykkir sem eru með þeim vinsælustu í heiminum. Tímaritið Drinks International hefur birt töflu yfir vinsælustu drykkina nú um stundir.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Tímaritið spurði barþjóna frá 127 vinsælum börum í 38 ólíkum löndum hverjir væri þeirra tíu mest seldu drykkir. Þar má sjá þekktu drykki eins og Martini, Whisky Sour og Aperol Spritz sem er reyndar afar vinsæll víðast hvar.

Þrátt fyrir að barþjónar séu stöðugt að þróa nýja drykki er eftirspurnin mest eftir „gömlum kunningjum“, segja þeir. Hins vegar virðast drykkjuvenjur fólks vera að breytast. Það hefur aukist að fólk komi inn á bar hversdags og fái sér einn drykk. Fólk fær sér einn gin og tónik eða Aperol Spritz eftir vinnu.

Kokteilar eru mjög vinsælir, allt frá einföldum drykk eins og Whisky Highballs upp í vandaðan Mojito. Frískandi drykkir og bragðmiklir verða oft fyrir valinu. Barþjónar benda á að fólk ætti að vera duglegra að smakka nýjan kokteil. „Drekkioð færri en betri drykki,“



Kokteilar eru vinsælir þessa dagana víða um heiminn.

segja þeir. Einnig hafa margir barþjónar tekið eftir að fleiri og fleiri velja lægri áfengisþrósentu en áður tíðkaðist, til dæmis hefur sérrí allt í einu aftur orðið vinsælt og sama má segja um vermút. Nýtt einkennisorð hefur rutt sér braut á barnum en það er NoLo sem þýðir ekkert eða lítið alkóhól.

Þá hafa drykkir sem endurspeglu menningu þjóða orðið vinsæl vara á börum, ákavítí frá Danmörku, mezcál frá Mexíkó eða cachaca frá Brasilíu.

Hérna eru drykkirnir sem tróna á topp tíu listanum

Old Fashioned alltaf vinsæll
Negroni ítalskur og heillandi
Whisky Sour ávallt á topp tíu
Daiquiri sá mest seldi með rommi
Manhattan móðir allra kokteila
Purr Martini gjarnan með ólífur
Espresso Martini vodka, kahlua og espresso kaffi
Margarita uppáhald margra
Aperol Spritz tiskudrykkurinn
Moscow Mule ferskur drykkur með vodka og engiferóli

MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ



• INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR • GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIDLA
• ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA • HVAD ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
• KAUP Á ÁRSSKYRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sálfræðingur

Skólabjónusta Árborgar auðglýsir lausa til umsóknar stöðu sálfræðings. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á starfi í skólum. Í sveitarfélaginu er unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, samstarf fagsviða og stofnana, m.a. um þróun úrræða fyrir börn og foreldra. Í Sveitarfélaginu Árborg búa um 9500 íbúar, þar af um 2000 börn í fimm leikskólum og þremur grunnskólum.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ráðgjöf til nemenda, foreldra og kennara, m.a. v/hegðunar- og tilfinningavanda barna
- þverfaglegt samstarf um málefni barna í leik- og grunnskólum
- sálfræðilegar skimanir og greiningar
- fræðsla og námskeið fyrir foreldra, börn og starfsfólk skóla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- kandidatspróf (cand. psych. gráða) í sálfræði
- reynsla af starfi með börnum æskileg
- góðir skipulagshæfileikar
- hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918. Áhugasamir geta sent umsóknir á skolathjonusta@arborg.is eða í pósti merktum fræðsluviði Árborgar v/sálfræðings, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2019.

Miðað er við að ráðið verði í stöðuna frá 1. mars nk. eða eftir samkomulagi. Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands óskar eftir að ráða fjármálafulltrúa

Fjármálafulltrúi annast samskipti við Fjársýslu ríkisins f.h. Sí og sér um uppgjör tónleika og gerð rekstraráætlana í samvinnu við framkvæmdastjóra. Hann hefur umsjón með launakeyrlum og tímafærslum, ásamt afgreiðslu reikninga. Fjármálafulltrúi hefur að auki umsjón með eignaskrá og vörslu sérsjóða auk annarra fjölbreytilegra verkefna skv. beiðni yfirmanns hverju sinni.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegum störfum og framhaldsmenntun í bókhaldi og uppgjöri s.s. próf til viðurkennds bókara. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á fjárhags- og mannauðskerfinu ORACLE/Orrí og öðrum kerfum fjársýslunnar. Áhersla er lögð á færni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði og fagmennsku í vinnubrögðum, skipulagshæfni og metnað til árangurs í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar nk., og starfskjör verða skv. kjarasamningi SFR. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ www.stra.is.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir nánari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl. 13-15, alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi gögnum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er ein stærsta menningarstofnun landsins með um 100 manna starfslið. Hljómsveitin hefur aðsetur í tónlistarhúsinu Hörpu og heldur um 100 tónleika og viðburði á hverju starfsári, m.a. áskrifartónleika með heimsþekktum stjórnendum og einleikurum, fjölskyldutónleika og skólatónleika fyrir nemendur á öllum aldri. Gildi Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru: Listrænn metnaður - Liðshyggð - Fagmennska - Fjölbreytni. Sjá nánar www.sinfonia.is



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Lífeyrissjóðurinn hefur þjónað sjóðfélögum sínum frá 1956. Starfsmenn vinna í þágu sjóðfélaga við uppbyggingu lífeyrisréttinda og ávöxtun eigna.

Eignasafn nam ríflega 700 milljörðum króna um síðustu áramót og fer ört vaxandi. Árlega greiða um 52 þúsund sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og um 18 þúsund njóta mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna.

Markmið sjóðsins er að vera áhugaverður vinnustaður, gæta að jafnvægi milli vinnu og einkalífs og bjóða gott starfsumhverfi fyrir samhentan hóp til að vinna að krefjandi verkefnum.

Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á vefnum www.live.is

Sérfræðingur í eignastýringu

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða öflugan einstakling til starfa í eignastýringarteymi sjóðsins. Leitað er að ábyrgum og metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af fjármálamarkaði og mikinn áhuga á eignastýringu. Næsti yfirmaður sérfræðings er forstöðumaður eignastýringar.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf við ört vaxandi eignasafn sjóðsins.

Helstu verkefni:

- Virkt samstarf við forstöðumann eignastýringar og aðra viðkomandi starfsmenn
- Umsýsla eigna sjóðsins, m.a. eftirlit með ávöxtun og áhættu í eignasafni
- Greining á væntri ávöxtun og áhættu eignaflokka til skemmri og lengri tíma
- Greining fjárfestingartækifæra
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Skýrslugerð og almenn upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila

Kröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem viðskipta-, hag-, eða verkfræði
- Próf í verðbréfavíðskiptum er kostur
- Haldgóð starfsreynsla af fjármálamarkaði
- Reynsla af framkvæmd viðskipta með innlend og erlend verðbréf er kostur
- Hæfni til að greina flókin fjárfestingarverkefni og kynna þau með skipulögðum hætti
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum og fagleg framkoma

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn þarf að fylgja itarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Bókhald

Byggingafyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða bókara. Helstu verkefni eru færsla bókhalds, launavinnsla, afstemmingar, vsk uppgjör og önnur tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, nákvæmur og hafa góða þekkingu á bókhaldi. Þekking á DK bókhaldskerfi er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2019.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



VINNUEFTIRLITIÐ

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna.

Hlutverk Vinnueftirlitsins er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi sem jafnan skal vera í samræmi við félagslega framþróun og bestu þekkingu á hverjum tíma.

Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vinnueftirlit.is.

Sérfræðingur í rannsóknar- og heilbrigðisdeild

Vinnueftirlitið óskar eftir sérfræðingi í rannsóknar- og heilbrigðisdeild með áherslu á stoðkerfisþætti vinnuverndar. Starfshlutfall er 100% og starfsstöð er í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Rannsóknir á sviði vinnuverndar, m.a. með áherslu á stoðkerfisþætti vinnuverndar
- Þátttaka í fræðslu á sviði vinnuverndar með áherslu á stoðkerfisþætti vinnuverndar
- Stuðningur við eftirlit með áherslu á stoðkerfisþætti vinnuverndar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaragráða er æskileg
- Reynsla af rannsóknum
- Reynsla á sviði vinnuverndar er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Sveigjanleiki í starfi m.t.t. verkefna
- Færni í framsetningu upplýsingaefnis
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og skipulagshæfni

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Tómasson, sviðsstjóri (kristinn@ver.is) í síma 550 4600. Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



VINNUEFTIRLITIÐ

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna.

Hlutverk Vinnueftirlitsins er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi sem jafnan skal vera í samræmi við félagslega framþróun og bestu þekkingu á hverjum tíma.

Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vinnueftirlit.is.

Fjármálastjóri

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða fjármálastjóra. Fjármálastjóri er yfirmaður rekstrar og innri þjónustu. Hann ber ábyrgð á fjármálum, bókhaldi, eignum og tækjarekstri, ásamt því að samræma og hafa umsjón með mannauðsmálum Vinnueftirlitsins.

Staðan heyrir beint undir forstjóra. Starfshlutfall er 100% og starfsstöðin er í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri fjármálastjórn
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana ásamt samningagerð
- Mannauðsstjórnun
- Gerð rekstraryfirlita og upplýsingagjöf til forstjóra
- Stjórnunareftirlitskerfi og rýni á rekstur
- Ytri og innri samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði fjármála, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálastjórn, áætlanagerð, tölfraði og úrvinnslu gagna
- Þekking og reynsla af opinberu rekstrarmhverfi er æskileg
- Reynsla af mannauðsstjórnun er æskileg
- Góð færni í talaðri og skrifaðri íslensku og ensku
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Ríkulegur þjónustuvilji og lipurð í mannlegum samskiptum

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um störfín veita Hanna S. Gunnsteinsdóttir forstjóri Vinnueftirlits ríkisins (hanna@ver.is) í síma 550 4600 og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Pú finnur draumastarfið á

Job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is

Krefjandi og spennandi starf hjá framsæknu sölu- og þjónustufyrirtæki

STARFSMAÐUR Í SMURÞJÓNUSTU KLETTS

Óskum eftir að ráða vanan starfsmann í smurþjónustu Kletts. Starfið felur í sér smurþjónustu og smáviðgerðir á öllum gerðum bifreiða og vinnuvéla með áherslu á vörubifreiðar.

Um er að ræða framtíðarstarf í traustu og öruggu umhverfi. Unnið er á dag- og kvöldvöktum 2/1.

Hæfniskröfur

- Einstaklingur vanur vinnu á smurstöð
- Góð samskiptafærni og þjónustulund
- Íslenskukunnátta
- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar og umsóknir skulu berast til Sigurjóns Arnar Ólafssonar, þjónustustjóra, á netfangið soo@klettur.is.

KLETTUR

KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK
590 5100

SCANIA

CAT

MULTI ONE

GOODYEAR

IR Ingersoll Rand

Greinandi í eignastýringu

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða greinanda í eignastýringardeild sjóðsins. Leitað er að talnagöggum og ábyrgum einstaklingi með áhuga á verðbréfamarkaði.

Umsóknarfrestur

30. janúar

Helstu verkefni:

- Greining á fjárfestingaumhverfi og -kostum
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Skýrslugerð og almenn upplýsingagjöf
- Frágangur viðskipta og umsjón safna

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/12488

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta-, hag- eða verkfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi – framhaldsmenntun og próf í verðbréfavíðskiptum er kostur
- Sjálfstæði, greiningarhæfni og skipulögð vinnubrögð
- Hæfileiki til að setja efni fram á skýran hátt
- Reynsla af miðlum upplýsinga í töluðu og rituðu máli

STAPI
LÍFEYRISJÓÐUR

Stapi lífeyrissjóður varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2007. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Eignir Stapa nema ríflega 220 milljörðum króna. Virkir sjóðfélagar eru um 14 þúsund og lífeyrisþegar rúmlega 9 þúsund talsins. Á skrifstofum Stapa á Akureyri og Neskaupsstað starfa 18 starfsmenn.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Verkefnastjóri

Vegna stórra verkefna framundan óskar GG Verk ehf. eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling í starf verkefnastjóra. Staða verkefnastjóra er ein af lykilstöðum innan fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur

2. febrúar

Starfssvið:

- Daglegur rekstur verkefna.
- Yfirumsjón með þjálfun og stjórnun framleiðsluteymis.
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana sem og framkvæmd verkþáttarýni.
- Innkaupastjórn, efnissamþykktir og skjölun gæðavottana efnis.
- Frávíkgreining verkefna, gerð verklokaskýrslu og umsjón með afhendingu verks.
- Magntökur og úttektir á framvindu á verkstað.
- Samskipti við verkkaupa, birgja og byggingaryfirvöld.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/12489

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði, þá helst á sviði bygginga-, tækni- eða verkfræði.
- Iðnmenntun í mannvirkjagerð er mikill kostur.
- Mikil reynsla af verkefnastjórnun innan mannvirkjagerðar er skilyrði.
- Mikil reynsla og þekking á lestri teikninga og magntöku skilyrði, þekking á Revit og BIM er kostur
- Mjög góð tölvufærni er nauðsynleg sem og færni í notkun hugbúnaðar í áætlanagerð, s.s. Excel og Project Manager.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Mikil framsetningar- og greiningarhæfni á magntölum, rekstri og öðrum gögnum.
- Góður skilningur á hugmyndafræði gæðastjórnunar.

GG VERK
byggingaverktaki

GG Verk er rötgróid og framsækið byggingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu vandaðra mannvirkja sem eru byggð innan tilskilins tímaramma – af framúrskarandi fagmennsku. Fyrirtækið hlaut ISO9001 gæðavottun árið 2015 og hefur einnig verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja hjá Credit Info og Fyrirmyndarfyrirtækja Viðskiptablaðsins síðan. Hjá okkur starfa um 85 starfsmenn – þar sem við leggjum ríka áherslu á starfsánægju - sem byggir á þátttöku, aðild, starfsgleði og starfsþróun.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins, www.ggverk.is.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_



Tandur hf. var stofnað árið 1973 og hefur verið leiðandi í framleiðslu, sölu og dreifingu á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana. Áhersla fyrirtækisins er að veita faglega og framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf til viðskiptaaðila. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins, www.tandur.is



SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Vegna aukinna umsvifa óskar Tandur hf. eftir að ráða öflugan sölu- og þjónustufulltrúa.

Starfssvið

- Sala, þjónusta og ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda
- Heimsóknir til nýrra og núverandi viðskiptavina

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Áhugi og reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi, stundvísi og skipulagshæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi



Nánari upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

HÉÐINN

Á tæknideild Héðins starfa um 20 manns. Helstu verkefni tæknideildar eru hönnun og verkefnisstýring á tækjabúnaði til fiskimjöls- og lýsisvinnslu.

Héðinn hefur sterka stöðu í fiskimjölsbúnaði við Norður-Atlantshaf og er að klára uppsetningu á stórrí verksmiðju í Egersund í Noregi þar sem hönnun á verksmiðju og búnaði var öll á höndum Héðins.

Á undanförunum árum hefur Héðinn þróað byltingarkenndan búnað sem kallast HPP og er ætlaður um borð í fiskiskip og við fiskvinnslur þar sem allt hráefni er nýtt. Héðinn hefur afhent 10 slíkar verksmiðjur víða um heim og stefnir á stórukna framleiðslu á þeim búnaði.

FORSTÖÐUMAÐUR TÆKNIDEILDAR

Héðinn hf. óskar eftir að ráða í starf forstöðumanns tæknideildar. Við leitum að reynslumiklum stjórnanda með góða faglega þekkingu.

Starfssvið

- Yfirumsjón, verkefna- og þjónustustjórnun
- Skipulagning og ábyrgð á verkefnum í vinnslu
- Samningagerð við innlenda og erlenda viðskiptavini
- Tengsl við núverandi viðskiptavini og öflun nýrra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verkfræði á sviði tækni og/eða rekstrar
- Starfsreynsla og verkfræðimenntun erlendis er mikil kostur
- Starfsreynsla í alþjóðlegu umhverfi
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður
- Sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum



Nánari upplýsingar veitir:

Pórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2019.

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR





Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélag bandalagsins eru 43 talsins. Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum auk þess að vera stefnumótandi í réttindamálum hagsmunahópsins. Öflun og miðlun þekkingar er mikilvægur þáttur í starfsemi. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi. Nánari upplýsingar er að finna á obi.is.



Aðgengisátak ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir tveimur starfsmönnum í tímabundin hlutastörf við átaksverkefni á sviði aðgengismála á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Samanlagt er gert ráð fyrir 100% starfshlutfalli sem skiptist á milli starfsmanna eftir samkomulagi. Átaksverkefnið mun standa yfir í sex mánuði.

Aðgengi um almannarými og byggingar hefur batnað til muna undanfarin ár. Þó þarf að gera miklu betur. ÖBÍ hyggst taka út aðgengi víða í samfélaginu og leggja til úrbætur þar sem við á. Markmiðið er að vekja athygli stjórnvalda, stjórnvísu og almennings á málaflokknum um mikilvægi aðgengis fyrir alla.

Úttektir verða gerðar á völdum byggingum ætluðum almennings. Unnið er eftir hugmyndafræði algildrar hönnunar með notkun gátlista. Starfsmenn fá fræðslu og þjálfun áður en úttektir hefjast. Unnið er í nánu samstarfi við skrifstofu ÖBÍ, málefnaþóp ÖBÍ um aðgengismál og starfsmann hans. Gert er ráð fyrir að annar starfsmaðurinn haldi utan um verkefnið, skrifi skýrslur og sjái um skjalavörslu en þeir fari saman í úttektir, miðla upplýsingum o.fl. Önnur verkefni taka mið af menntun, reynslu og áhuga.

Verkefni

- Undirbúningur, skipulagning og utnumhald
- Úttektir á aðgengi
- Skráning á niðurstöðum
- Skýrslugerð
- Miðlun niðurstaðna og eftirfylgni
- Ljósmyndun, upptökur og miðlun efnis

Hæfniskröfur

- Framhaldsskólamenntun æskileg og/eða menntun á háskólastigi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Tölvukunnátta og þekking á samfélagsmiðlum æskileg
- Reynsla af aðgengishindrunum
- Góð samskipti og samstarfshæfileikar



Nánari upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Fatlað fólk/fólk með skerðingar er sérstaklega hvatt til að sækja um.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



SLÖKKVILIÐSSTJÓRI

Væntanlegt byggðasamlag um brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda óskar eftir að ráða slökkviliðsstjóra.

Tilgangur byggðasamlagsins er að að fara með skipulag, yfirstjórn, þjálfun vegna slökkviliða og eldvarnareftirlits á starfssvæðinu. Starfssvæðið er Árneshreppur, Dalabyggð, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur og Strandabyggð. Íbúar á starfssvæðinu eru 1545.

Starfssvið

- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri og stjórnun slökkviliðsins
- Ábyrgð á faglegri starfsemi slökkviliðsins
- Úttektir, eldvarnareftirlit og stjórnun aðgerða
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samskipti við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi skal hafa löggildingu sem slökkviliðsmaður skv. 17. gr. laga nr. 75/2000 og/eða hafa starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum
- Reynsla og/eða haldgóð þekking á stjórnun slökkviliðs æskileg
- Leiðtogaþæfni
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum



Nánari upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2019.

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni
hagvangur.is



HAGVANGUR



Verkfræðingafélag Íslands

Verkfræðingafélag Íslands – félag verkfræðinga og tæknifræðinga vinnur að faglegum og kjaralegum hagsmunum félagsmanna sinna. Félagið er stærsta fag- og kjarafélag tæknimenntaðra á Íslandi með um 4.200 félagsmenn. Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins eru á www.vfi.is og á **Facebook**.

Virðing og jafnrétti / Fagleg ábyrgð og ráðvendni / Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni



Verkfræðingafélag Íslands leitar að fulltrúa á skrifstofu í fullt starf

Starfslýsing

- Móttaka, símsvörun og þjónusta við félagsmenn á sviði kjaramála
- Ráðgjöf til félagsmanna um ýmis kjara- og réttindamál
- Úthringingar og aðstoð við bókara félagsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á kjaramálum kostur
- Almenn tölvukunnátta
- Rík þjónustulund og gott viðmót
- Mjög góð samskiptahæfni
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna undir álagi



Nánari upplýsingar veitir:

Áslaug Kristinsdóttir, aslaug@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ertu rafvirki og langar að breyta til?

Við leitum að manneskju í teymi iðnmenntaðs starfsfólks á **Þjónustuvakt Orku náttúrunnar, Veitna og Gagnaveitu Reykjavíkur**. Þetta er fjölbreytt starf í tæknilegu starfsumhverfi fyrir fólk sem hugsar í lausnum og nýtur sín í samskiptum.

Verkefni og kunnátta:

Unnið er á vöktum allan sólarhringinn, alla daga ársins, og verkefni eru mjög fjölbreytt svo sem að **svara erindum viðskiptavina og vakta kerfi**. Viðskiptavinir okkar eru allskonar en eiga það sameiginlegt að njóta lífsgæða sem fólgin eru í **heitu og köldu vatni, rafmagni, fráveitu og ljósleiðara**. Við erum rafbílaeigendum innan handar allan sólarhringinn og hjálpum viðskiptavinum Orku Náttúrunnar að nota Hlöður fyrirtækisins.

Þú þarft að hafa **sveinspróf í rafvirkjun**, vera **tölvulæs** og hafa áhuga á að tileinka þér nýja tækni til að ná tökum á þessu starfi, auk þess að búa yfir heilmikilli þjónustulund.

Við hvetjum konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2019

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita Reykjavíkur



Hefur þú áhuga á að vinna með **faglegu** og **skemmtilegu** fólki í góðu starfsumhverfi?

Landsvirkjun er framsækið fyrirtæki í örri þróun. Við vinnum að uppbyggingu í orkumálum og viðskiptalífi og viljum vera í fararbroddi við að móta ný tækifæri á þessum sviðum í sátt við umhverfi og samfélag. Hjá okkur starfar hópur metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu.

Við leitum að **sérfræðingi** á sviði greininga

Í starfinu felst greining á mörkuðum, t.d. innlendum og erlendum orkumörkuðum og þeim mörkuðum sem viðskiptavinir Landsvirkjunar starfa á. Unnið er í þverfaglegu teymi sem metur viðskiptatækifæri á innlendum og erlendum orkumarkaði og áhrif alþjóðlegra loftslagsaðgerða á þróun markaða á heimsvísu. Viðkomandi mun auk þess veita almenna ráðgjöf innanhúss, vinna að framsetningu gagna og hafa samskipti við hagaðila.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Reynsla af greiningum og framsetningu gagna
- Hæfni til að vinna í þverfaglegu teymi
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Við óskum eftir að ráða **sérfræðing** með þekkingu á jarðvegsstíflum

Landsvirkjun rekur ríflega 30 jarðvegsstíflur víðs vegar um landið. Öryggi þessara mannvirkja er ein af megináherslum í rekstri fyrirtækisins. Sérfræðingur í jarðvegsstíflum mun vinna með öflugum hópi starfsfólks þvert á svið fyrirtækisins og hafa umsjón með eftirliti og þróun á verklagi og úttektum á jarðvegsstíflum Landsvirkjunar. Viðkomandi mun einnig taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi.

- Framhaldsnám í verkfræði á sviði jarðtækni
- Reynsla af störfum við krefjandi jarðtæknileg verkefni, svo sem stíflur eða önnur stærri mannvirki
- Þekking á alþjóðlegum jarðtæknistöðlum og notkun þeirra
- Hæfni til að vinna í þverfaglegu teymi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is. Fyrirspurnir um störfin má senda á starf@landsvirkjun.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.



EY óskar eftir vönum bókara

Um fjölbreytt verkefni er að ræða og þarf viðkomandi að hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund. Um 100% starf er að ræða.

Hæfniskröfur

- ▶ Mikil reynsla af bókhaldsstörfum
- ▶ Góð þekking á dk bókhaldskerfi kostur en ekki skilyrði
- ▶ Enskukunnátta og kunnátta í excel
- ▶ Nákvæm og öguð vinnubrögð
- ▶ Kostur ef umsækjandi er viðurkenndur bókari

Forsenda fyrir gæðum og faglegum vinnubrögðum er að starfsfólki líði vel bæði á vinnustað og utan hans. Við erum sveigjanleg og reynum að koma til móts við ólíkar þarfir starfsmanna vegna vinnu og frítíma.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Hildar Pálsdóttir, hildur.palsdottir@is.ey.com, eða í gegnum heimasíðu EY

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar n.k.

www.ey.is

EY
Building a better working world

© 2019 Ernst & Young ehf. öll réttindi áskilin.

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



Þjónustumaður í Garðabæ.

Kælimiðjan Frost ehf. óskar eftir að ráða þjónustumenn til starfa í Garðabæ.

Æskilegt er að umsækjendur séu vélstjórar, vélvirkjar, vélfræðingar eða með sambærilega menntun og hafi reynslu af störfum við kælikerfi og / eða í málmiðnaði.

Starf þjónustumanns felst í uppsetningu og viðhaldi nýrra og eldri kælikerfa, um borð í skipum og í landi, bæði á Íslandi sem og erlendis.

Frost er 25 ára gamalt fyrirtæki með starfstöð á Akureyri og í Garðabæ, með ríflega 60 starfsmenn. Fyrirtækið starfar bæði á Íslandi og víðsvegar um heim.

Umsækjendur hafi samband við þjónustustjóra í Garðabæ : Charles Ó. Magnússon
Netfang : charles@frost.is
Sími: : 464 9450



SÉRFRÆÐINGUR Í IÐNSTÝRINGUM

Við leitum að reyndum sérfræðingi í iðntölvum og stjórnkerfum fyrir vél- og rafbúnað.

STARFSSVIÐ:

- Tækniþjónusta varðandi iðnstýringar og SCADA kerfi
- Bilanagreiningar
- Greining og bestun iðnstýrikerfa

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Þekking og reynsla í notkun iðntölva og forritunarmála
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð

Maris er leiðandi fyrirtæki í forritun og uppsetningu stýringa í fiskeldi á Íslandi.

Umsóknum skal skila á netfangið gulli@maris.is

Allar upplýsingar um störfín fást í síma 895-3556 eða á fyrrgreint netfang.

VERSLUNARSTJÓRI

Málningarverslun

Flügger sem verslar með iðnaðarmannavöru og þjónustar viðskiptavini varðandi ráðgjöf og vörukaup óskar eftir að ráða verslunarstjóra í aðalverslun sína á Stórhöfða 44 í Reykjavík.

Starfið felur í sér daglegan rekstur verslunarinnar, en í því felst m.a. innkaup og pantanir, uppgjör, mannaforráð og annað sem tilheyrir starfinu.

Leitað er að ábyrgðarfullum aðila sem hefur brennandi áhuga á að ná árangri, er með gott tengslanet, rekstrarþekkingu, reynslu af innkaupum, reynslu af mannaforráðum og mikla hæfni í samskiptum. Reynsla af verslunarrekstri er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veita Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum, agla@radum.is og Vigfús Gunnar Gíslason hjá Flügger í síma 892 4452.

Flügger

Flügger á Íslandi rekur 6 verslanir víðs vegar um landið en höfuðstöðvagnar eru í Danmörku og eru verslanir Flügger rúmlega 550.

Verslanirnar eru staðsettar í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Póllandi, Íslandi og í Kína. Flügger byggir afkomu sína á sölu til fagmanna. Hjá Flügger starfa málara auk annarra starfsmanna sem koma að þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.



Kynntu þér sumarstörfin
bluelagoon.is/atvinna
og sæktu um

SUMARSTÖRF Í EINSTÖKU UMHVERFI

Við leitum að metnaðarfullum starfsmönnum með ríka þjónustulund í fjölbreytt og spennandi störf í sumar. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað.

MEÐAL STARFA Í BODI

- Móttaka og gestgjafar
- Þjónustu- og gæslustörf
- Ýmis störf á hótél- og veitingasviði
- Ræstingar og þvottahús
- Sölustörf í verslunum
- Skrifstofustörf
- Ýmis önnur störf



Einstakt umhverfi



Frábær starfsandi



Skemmtilegt félagslíf



Góður matur



Góð fríðindi



Þjálfun og fræðsla



Rútuferðir til og frá vinnu




2-2-3 vaktavinna eða dagvinna

Umsóknarfrestur er til og með **31. mars**.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri.

BLUE LAGOON
ICELAND



Framtíðin er snjöll

– mótaðu hana með okkur

Stóra stundin er runnin upp. Við leitum að hugmyndaáriku og drífandi fólki sem er tilbúið til að taka þátt í nýsköpun og framþróun og móta með okkur snjalla framtíð.

Sérfræðingur í hermun og gerð kerfislíkana

Veitur eru að undirbúa sig undir framtíðina og í því felst að þróa og byggja upp kerfislíkön fyrir öll veitukerfin. Við leitum að snjöllum sérfræðingum sem hafa reynslu af gerð kerfislíkana og áhuga á að byggja upp hermunarþekkingu hjá okkur. Ef þú hefur gaman af því að takast á við áskoranir og brennur fyrir upplýsingatækni, hagnýtum hermilíkönunum og tengdum hugbúnaði þá viljum við heyra í þér.

Verkefnastjóri

Framtíð Veitna er snjöll og felur í sér fullnýtingu auðlindastrauma, sporlausa starfsemi og stöðugar umbætur. Við leitum að öflugum verkefnastjóra með brennandi áhuga og þekkingu á verkefnastjórnun. Ef þú hefur gaman af umbótum og skipulagi og brennur fyrir faglegri verkefnastjórnun þá viljum við heyra í þér.

Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni og starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavinum af virðingu.

Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi. Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar á veitur.is/framtidin

Í góðu sambandi við framtíðina



REYKJALUNDUR
endurhæfing



Aðstoð við umönnun

Laus er til umsóknar 60-80% staða við umönnun á Hlein.

Hlein er heimili sjö fatlaðra einstaklinga sem rekið er af Reykjalundi. Þar er unnið á þrískiptum vöktum.

Við leitum að einstakling með notalega nærveru og ríka þjónustulund. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Eflingar og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dís Nielsdóttir forstöðuþroskaþjálfari í síma 585-2091 eða í gegnum netfangi dis@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143 eða í gegnum netfangið gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 3. febrúar 2019

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



VÍSINDASIÐANEFND

Starf lögfræðings

Vísindasiðanefnd óskar eftir að ráða lögfræðing í fullt starf. Starfið er áhugavert og krefjandi, reynir á öguð vinnubrögð og trausta lögfræðilega þekkingu. Leitað er að áhugasömum og sveigjanlegum einstaklingi með frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Kröfur um þekkingu og hæfni:

- Embættis- eða meistaraþróf lögfræði
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð, skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Hæfni og lipurð í samskiptum og samvinnu
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Gott vald á ensku og gjarnan á einu Norðurlandatungumáli

Í starfinu felst m.a.:

- Undirbúningur fyrir fundi nefndarinnar og frágangur erinda
- Túlkun laga og reglugerða sem gilda um verkefni Vísindasiðanefndar
- Þátttaka í eftirliti nefndarinnar með framkvæmd heilbrigðisrannsókna
- Lögfræðileg ráðgjöf, greining og úrlausn lögfræðilegra álitaeigna
- Samskipti við rannsakendur, stjórnvöld og stofnanir

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil ofl skal senda á netfangið vs@vs.is merkt: Starfsúmsókn - lögfræðingur.

Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2019.

Upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Baldursson, framkvæmdastjóri, í síma 5517100

Bakarí / Kaffihús

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:00 -14:00 virka daga og annan hvern laugardag.

Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

Markaðs- og viðburðastjóri Próttar.



Knattspyrnufélagið Próttur leitar eftir markaðs- og viðburðastjóra til starfa fyrir félagið í fullu starfi. Í því felst m.a. stjórnun viðburða, verkstjórn í markaðs- og kynningarmálum, umsjón með fjáröflun, samskipti við styrktarfyrirtæki og störf fyrir deildir félagsins auk annarra verkefna samkvæmt samningi.

Viðkomandi þarf að hafa menntun sem nýtist í starfi, haldgóða reynslu af sölu og markaðsmálum, ódrepani trú á viðfangsefninu og mikinn áhuga á íþróttum og öllu sem þeim tengist.

Markaðs- og sölumál eru vaxandi hluti af starfsemi íþróttfélaga og mikilvægt að þeim sé sinnt á skapandi hátt þar sem hagsmunir starfsmannsins og félagsins fara saman við tekjuöflun. Því leitum við að hugmyndaríkri manneskju sem býr yfir frumkvæði og getur starfað sjálfstætt en á um leið auðvelt með að vinna í hópi.

Knattspyrnufélagið Próttur, sem fagnar á þessu ári 70 ára afmæli sínu, er staðsett á besta stað í Reykjavík, í miðju Laugardalsins. Í félaginu er alltaf líf og fjör og tækifærin mýmörg. Fjölgað hefur verulega í félaginu síðustu misserin og framundan eru miklar breytingar og uppbygging á félagssvæðinu m.a. vegna þéttingar byggðar í nágrenni Laugardalsins.

Umsóknnum skal skilað fyrir **30. janúar** til Ótthars Edvardssonar framkvæmdastjóra Próttar á netfangið, otthar@trottur.is. Hann veitir jafnframt nánari upplýsingar.



Grunnskólakennarar og þroskaþjálfari

Við Grunnskóla Grindavíkur eru lausar til umsóknar stöður umsjónarkennara á miðstig, íþróttakennara og þroskaþjálfara. Um er að ræða 50-100% störf.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með 515 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskolinn>.

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið gudbjorgms@grindavik.is

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri í síma 420-1200

Nýtt

hjúkrunarheimili

Seltjarnarnesi

Spennandi störf í boði

Hjúkrunardeildarstjórar – Hjúkrunarfræðingar – Sjúkraliðar – Starfsfólk við aðhlyningu – Iðjupjálfar – Sjúkraþjálfarar – Húsvörður

Leitað er eftir áhugasömu fólki til starfa á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld-helgar-og næturvaktir

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2019.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf 1. mars eða eftir nánari samkomulagi.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Kristín Sigurþórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.

Sótt er um á heimasíðu www//sunnuhlid.is merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.




Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leitar að tveimur einstaklingum sem eru sterkir greinendur og glöggir á tölur.



Sérfræðingur á skrifstofu sjávarútvegs- og fiskeldis


Skrifstofan hefur það meginhlutverk að skapa sjávarútvegi og fiskeldi ásamt veiði í ám og vötnum hagkvæma og skilvirka umgjörð.

Við leitum að sérfræðingi til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði sjávarútvegs og fiskeldis. Viðkomandi mun leiða ákveðin verkefni innan ráðuneytisins og taka þátt í vinnuhópum og nefndum auk þess að eiga í miklum samskiptum við stofnanir ráðuneytisins og Alþingi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af greiningarvinnu sem nýtist í starfi.
- Greinandi, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp.
- Þekking á sjávarútvegi og/eða fiskeldi er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í framsetningu upplýsinga.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með **28. janúar n.k.** Nánari upplýsingar veitir Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri, johann.gudmundsson@anr.is



Hagfræðingur á skrifstofu matvæla og landbúnaðar

Skrifstofan fer með mál á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu og matvælaöryggis, fæðuöryggis, dýra- og plöntusjúkdóma, inn- og útflutning afurða og tollamála.

Við leitum að hagfræðingi til að takast á við fjölbreytt verkefni á sviði landbúnaðar og matvæla. Viðkomandi verður hluti af teymi hagfræðinga innan ráðuneytisins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf á sviði hagfræði eða sambærilegu sviði.
- Reynsla af greiningum og gagnavinnslu er skilyrði.
- Þekking og/eða reynsla á sviði landbúnaðar-tölfræði er kostur.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp.
- Geta til að vinna undir álagi og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í framsetningu upplýsinga.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með **4. febrúar n.k.** Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri, stefan.asmundsson@anr.is

Nánari upplýsingar eru á www.starfatorg.is Umsóknir um bæði störfin skal senda til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@anr.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Sérfræðingur, líffræðingur - umhverfisfræðingur

Náttúrufræðistofnun Íslands óskar eftir að ráða starfsmann sem getur unnið við fjölbreytt störf sem felast í því að halda utan um verkefni á sviði vöktunar lykilmáttá íslenskrar náttúru og náttúruverndarsvæða.

Starfið felur í sér:

- Umsjón með vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar og framkvæmd hennar, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd.
- Vinna við gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði.
- Tengiliður við náttúrustofur og aðra samstarfsaðila um vöktunarverkefni.
- Halda utan um niðurstöður vöktunar.
- Vinna úr niðurstöðum vöktunar í samvinnu við sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar og samstarfsaðila.
- Undirbúa birtingu niðurstaðna og miðlun upplýsinga um þær í vöktunargátt á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar.
- Tryggja varðveislu gagna í gagngrunnum og aðgengi að þeim.
- Ýmis önnur störf sem falla að framangreindu.

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í líffræði, umhverfisfræði eða sambærilegum greinum.
- Reynsla af og þekking á vöktunarverkefnum.
- Yfirsýn og þekking á íslenskrari náttúru.
- Hæfni til að setja sig inn í fjölbætt verkefni.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og ritfærni á íslensku og ensku.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Trausti Baldursson, (trausti@ni.is), í síma 590 0500. Umsókn, ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi, skal senda á netfangið ni@ni.is eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands Urriðaholtsstræti 6-8, 212 Garðabæ.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2019.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaganna opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Jarðfræðingur

Náttúrufræðistofnun Íslands auglýsir eftir jarðfræðingi með áherslu á berggrunnskortagerð og jarðminja-skráningu.

Starfið felur í sér:

- Kortlagning berggrunns á Íslandi í kvarða 1:100.000 eða betra
- Skráning jarðminja á Íslandi í jarðminjaskrá
- Mat á verndargildi jarðminja

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, meistaragráða í jarðfræði
- Reynsla af berggrunnskortlagningu og vettvangsvinnu
- Líkamlegt hreysti og færni í fjallamennsku
- Góð þekking á jarðfræði og jarðsögu Íslands
- Þekking og kunnátta á landupplýsingakerfum
- Lipurð í mannlegum samskiptum og ritfærni á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Guðmundsson (gg@ni.is), sími 590 0500. Umsókn ásamt ítarlegri starfsferilsskrá, sendist á netfangið ni@ni.is eða með bréfpósti til Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabæ. **Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2019.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaganna opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

RÉTTINDASTOFA FORLAGSINS

óskar eftir drifandi starfskrafti

Ert þú hugmyndaríkur og skipulagður einstaklingur sem hefur áhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntum?

Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni með reynslu af markaðs- og kynningarmálum, haldgóða tölvukunnáttu, frábæra samskiptafærni og gott vald á ensku.

Menntun sem nýtist í starfi og önnur tungumálakunnátt er kostur.

Um er að ræða krefjandi en afar fjölbreytt og skemmtilegt starf á frábærum vinnustað. Starfið er fólgið í kynningu á íslenskum útgáfuverkum Forlagsins á erlendum markaði.

Vinsamlegast sendið umsóknina á atvinna@forlagid.is fyrir 1. febrúar nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum

Rannsóknarlektor við handritasvið Árnastofnunar

Starf rannsóknarlektors við handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er laust til umsóknar. Um er að ræða tímabundið fullt starf til fimm ára með möguleika á ótímabundinni ráðningu að þeim tíma liðnum. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi á rannsóknarsviði stofnunarinnar. Ætlast er til að þeir geti með námsferli sínum, starfsreynslu og ritverkum sýnt fram á kunnáttu í handritafræðum og hafi næga þekkingu og reynslu til að vinna að handritarannsóknum og textaútgáfum. Góð kunnáttu í íslensku máli að fornu og nýju er skilyrði; enn fremur er kunnáttu í ensku og dönsku eða öðru norrænu máli nauðsynleg og frekari tungumálakunnáttu er kostur. Gerð er krafa um góða samskiptahæfni.

Rannsóknir á handritum og útgáfa texta eru hornsteinar starfsins á handritasviði, en auk þess er rannsóknarlektornum ætlað að taka þátt í öðrum verkefnum sem unnið er að á sviðinu, svo sem skráningu handrita og fornbréfa, fræðslu og miðlun. Í starfinu er fólgin 40% rannsóknarskylda.

Ætlað er að ráða í starfið frá og með 1. september 2019.

Um hæfi umsækjenda og meðferð umsókna er farið eftir ákvæðum laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006 og reglugerðar um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 861/2008.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf sem þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og vottorð um námsferli sinn og störf. Í umsókn skal koma fram hver ritverka sinna, allt að átta talsins, umsækjandi telur veigamest með tilliti til þess starfs sem um ræðir. Umsækjandi sendir eingöngu þessi ritverk með umsókn eða vísar til þess hvar þau eru aðgengileg á rafrænu formi. Þegar fleiri en einn höfundur standa að ritverki skulu umsækjendur gera grein fyrir framlagi sínu til verksins. Einnig er nauðsynlegt að í umsókn komi fram hvaða verkefnum umsækjendur hafa unnið að, hverju þeir vinna að sem stendur og hver séu áform þeirra um rannsóknarverkefni ef af ráðningu yrði. Enn fremur er ætlast til þess að umsækjendur láti fylgja nöfn og netföng tveggja einstaklinga sem eru til þess bærir að veita umsagnir um verk þeirra og hæfni.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar og skal umsóknum og fylgigögnum skilað í þríriti til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík eða á rafrænu formi á netfangið sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðningu í starfið þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðvarður Már Gunnlaugsson, stofustjóri handritasviðs (s. 525 4024, gudivardur.mar.gunnlaugsson@arnastofnun.is).

Rafeindavirki



Rafeindavirki eða einstaklingur með sambærilega menntun óskast til að veita tæknivinnustofu Örtækni forstöðu.

Starfið felst í ábyrgð á daglegum rekstri, svo sem öflun verkefna, sjá um framkvæmd verkefna og afgreiðslu, ráðningu starfsfólks, verkstjórn, efniskaup, framleiðslustjórnun og gæðaeftirlit.

Gerð er krafa um mjög góða tölvukunnáttu, þekkingu á rafmagns- og rafeindamarkaði, ásamt afburða hæfileikum í mannlegum samskiptum. Vinnutíminn er kl. 8 – 17 virka daga.

Yngri umsækjendur með minni reynslu en brennandi áhuga á ofangreindum verkefnum eru hvattir til að senda inn umsókn.

Frekari upplýsingar um starfsemi Örtækni: www.ortækni.is
Umsóknir skulu sendar á tölvupóst: thorsteinn@ortækni.is



Sérfræðingur í uppgjörum á fjármálasvið Kviku banka

Við leitum að öflugum einstaklingi til starfa á fjármálasviði bankans.

Helstu verkefni eru:


- Ábyrgð á og umsjón með uppgjöri einstakra rekstrareininga bankans
- Ábyrgð á gerð árshluta- og ársreikninga félaga í samstæðunni
- Vinna við gerð árshluta- og ársreikninga samstæðunnar
- Afstemmingar, uppgjör og almenn bókhaldsstörf
- Ábyrgð á skýrsluskilum og tengdum samskiptum við eftirlitsaðila og skattayfirvöld
- Ýmsar greiningar, útreikningar og svörun fyrirspurna
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði með áherslu á fjármál, endurskoðun eða sambærilegt nám
- Starfsreynsla af vinnu við uppgjör, árshluta- og ársreikninga nauðsynleg
- Góð þekking á reikningsskilastöðlum og lögum um fjármálafyrirtæki er kostur
- Góð tölvukunnáttu, sérstaklega á Excel
- Góð þekking á Navision fjárhagskerfinu
- Góð íslensku- og enskukunnáttu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Löggilding í endurskoðun er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar. Sækið um hér: <https://attentus.umsokn.is>



**TM**

SPENNANDI STARF Í TJÓNAÞJÓNUSTU

TM auglýsir laust til umsóknar starf innan tþjónaþjónustu. Leitað er að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.

Starfssvið

- Almenn afgreiðsla vegna eignatjóna
- Tjónaskráning og mat á bótaskyldu
- Tjónaskoðanir og tjónamat
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Gagnaöflun og útreikningur tjónakostnaðar

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði iðngreina, t.d. húsasmíða, pípulagna eða tækniþræði
- Reynsla af gerð kostnaðarmata æskileg
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt góðri íslenskukunnátta
- Hæfni til að geta starfað sjálfstætt og unnið vel undir álagi
- Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Haukur Ólafsson forstöðumaður eignatjóna TM (olafur@tm.is)

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk. Sótt er um starfið á vefnum umsokn.tm.is

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

TM leggur ríka áherslu á kynjajafnrétti og jafnréttismál eru meðal forgangsmála í þróun og framtíðarsýn félagsins. Frá 2014 hefur TM hlotið jafnlaunavottun og var með fyrstu fyrirtækjum til að fá viðurkenningu Jafnréttisvísis Capacent.

Það er TM sérstakt kappsmál að skapa lífandi og kraftmikið starfsumhverfi og vera aðlaðandi vinnustaður fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk. Aðeins þannig getur félagið þróast og eflst með það að marki að mæta kröfum framtíðarinnar.

TM, Síðumúla 24, 108 Reykjavík · 515 2000 · tm.is

Það þarf að hafa stjórn á hlutunum

Fagmannleg verkstjórn er lykillinn að vel unnu verki. Við leitum að traustu kunnáttufólki til að stýra verkefnum okkar og vinnusvæðum í Reykjavík og á Suðurlandi.

Verkefnastjórar

Byggingaverkfræðingar eða byggingatæknifræðingar óskast til að stýra byggingaverkefnum á Suðurlandi með starfsstöð á Selfossi og á höfuðborgarsvæðinu með starfsstöð í Kópavogi. Reynsla er að sjálfsgöðu kostur en við tökum einnig vel á móti metnaðarfullum aðilum sem vilja öðlast þekkingu og reynslu af stjórn framkvæmda.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við verkkaupa, undirverktaka og birgja
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð og verkefnaöflun

Hæfniskröfur:

- Byggingaverkfræðingur, byggingatæknifræðingur, byggingafræðingur
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Reynsla af stjórnun framkvæmda
- Frumkvæði, áráðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tök á rituðu máli

Verkstjóri/byggingastjóri

Vegna ört vaxandi verkefna og traustrar verkefnastöðu næstu árin óskum við eftir að ráða til starfa reyndan verkstjóra til að annast daglega stjórn á verkstað í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Dagleg stýring starfsmanna og undirverktaka
- Innri úttektir á gæðum vinnu eigin starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Framfylgja verk- og kostnaðaráætlunum í samráði við verkefnastjóra

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í iðngrein er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af stjórn byggingaverkefna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áráðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir 1. febrúar. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 27 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfismál, öryggi og gæði. **JÁVERK** er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ öll síðustu 5 ár.

Starfsmannastefna fyrirtækisins er að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannaveita er er lítil.

JÁVERK
Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is



JÁVERK

LIDVEISLA – kvöld og helgar

Hreyfihamlaður maður í Hafnarfirði leitar að einstaklingi til að sinna liðveislu á kvöldin og um helgar.

Viðkomandi þarf að hafa náð 24 ára aldri, vera með bílpróf, vera heiðarleg(ur), samviskusamur(söm) og skemmtileg(ur).

Starfið er óreglulegt, og felst helst í því að aðstoða í tengslum við mannafót og til útiveru.

Æskilegt væri einnig að viðkomandi gæti aðstoðað sem ritari vegna verkefna er fylgja háskólanámi viðkomandi.

Umsækjandur vinsamlega hafa samband í síma 895-8488/483-1088 eða í tölvupósti sjam@simnet.is



Við óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu.

Vinnutími er frá 13:00 til 18:00

Framtíðarstarf.

Umsóknir sendist á

bjornsbakari@bjornsbakari.is

Merkt ATVINNA

Pú finnur draumastarfið á

Job.is



Svæðisstjóri

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Mjódd. Svæðisstjóri gegnir jafnframt samhliða starfi fagstjóra lækninga eða fagstjóra hjúkrunar samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 04.02.2019 2019.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gert breytingu á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi

Hæfnikröfur

- Heimilislæknir eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
